


Í SJÁLFBODAVINNU MEÐ TÍGRISDÝRUM

Bryndís Hjálmarsdóttir og Sonja Hrund Steinarsdóttir vinna sem sjálfbodaliðar í tígrisdýragarðinum Tiger Temple í Taílandi.

VIÐTAL 20



JÖFN OG SPENNANDI KEPPNI Í GOLFINU
SPORT 32



OPNUNARHÁTÍÐ Á SMÁRATORGI Í DAG
MILLI KL. 13-16



A4 Skrifstofa og skóli

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

FRÍTT

25. júlí 2009 – 175. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

VIÐTAL 16



Mæðgur afgreiða kaffi á Rauðasandi

TÍMAMÓT 22

Hjón fagna 140 ára afmæli í Gulllandi

INNI OG ÚTI

Borðbúnaður og skraut

TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG



DANAE PRINSESSA VIÐ FESTAR Skemmtiferðaskipið Princess Danae lá við festar í Reykjavíkurbær í gær. Skipið er hið glæsilegasta og hefur að geyma þrjá bari, bíosal, spilavíti og bókasafn. Farþegarnir, mest Bretar á miðjum aldri, eru um 600 en 225 manns starfa um borð.

Norðurlöndin og AGS bíða átekta með lánin

Fjármögnun efnahagsáætlunar Íslands hjá AGS er í uppnámi. Framhaldið veltur á niðurstöðunni um Icesave. Öll önnur skilyrði sjóðsins hafa verið uppfyllt.

EFNAHAGSMÁL Franek Rozwadowski, fulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á Íslandi, segir að ekkert skilyrði sé um lúkningu Icesave-deilunnar í samningi sjóðsins við íslenska ríkið. Lán AGS sé þó óbeint tengt lausn deilunnar í gegnum lánin frá hinum Norðurlandþjóðunum, sem eru hluti af fjármögnun áætlunarinnar. Þau hafi því miður verið tengd Icesave-deilunni.

Hann segir að það eina sem AGS þarfnist sé staðfesting þess efnis að norrænu lánin séu til reiðu og hægt sé að útdeila því fjármagni til stjórnsvalda. Hann segir ekki nauðsynlegt að fjármagnið komi endilega fyrst frá Norðurlöndunum heldur þurfi staðfesting og trygging fyrir lán-

inu að vera til staðar áður en önnur úthlutun lánsins frá AGS á sér stað. Hann býst við að heyrja í ráðamönnum landanna á næstu dögum.

Aðeins tvö erlend lán hafa verið veitt til Íslands eftir hrunið. Færeyningar lánuðu 300 milljónir danskra króna og AGS lánaði 827 milljónir dala. Bæði þessi lán voru veitt í nóvember á síðasta ári.

Rozwadowski býst við að hægt verði að slaka á gjaldeyrishöftunum fyrir lok þessa árs. Fullt afnám haftanna taki hins vegar lengri tíma. Skilyrði fyrir slökun á höftunum sé að traust á íslenska fjármálamarkaðnum sé endurvakið og framkvæmd fjárhagsáætlunar ríkisins gangi að óskum. Auk þess sé

mikilvægt að peningamálastefna Seðlabanka Íslands sé sterk.

Spurður segir Rozwadowski að áætlun ríkisstjórnarinnar í fjármálum hins opinbera hafi gengið nægilega langt til að tryggja langvarandi stöðugleika fjármála ríkisins. Hann segir að tekist hafi að uppfylla flest skilyrði sem nauðsynleg séu fyrir endurskoðun áætlunar sjóðsins hérlandis.


Stjórnarfundur AGS verður haldinn 3. ágúst. Miðað við gang mála á Alþingi er ólíklegt að Icesave-málið verði afgreitt fyrir þann tíma. Það þýðir að líklega verður ekki hægt að taka fyrir endurskoðun áætlunarinnar fyrr en upp úr miðjum ágúst vegna sumarleyfa hjá AGS. - bpa

Leifar útrásarinnar að hverfa: Útibúin á útleið

VIÐSKIPTI Gömlu viðskiptabankarnir þrjú átta tæplega fjórtíu útibú, umboðsskrifstofur og dótturfyrirtæki í tuttugu löndum utan Íslands þegar ríkið tók bankana yfir síðasta haust. Aðeins brot af þessum félögum er enn starfandi, en flest hafa verið seld eða þeim lokað. - bj / sjá síðu 10



Ódýra veiðibúðin í leiðinni úr bænum



Fréttablaðið er með 117% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



Ostaterta HÚSIÐ

Mokka og súkkulaði Ostaterta

Ljúffeng með kaffinu og frábær eftirréttur



Pétur, ætlaðu að bola okkur burt úr viðræðunum?

„Ekki spurning, enda hef ég bolmagnnið til þess.“

Pétur Reysson, bolahönnuður BV bola, hannar pólitíska bolí og berst meðal annars gegn Evrópusambandinu með bolunum.

Taflendingar koma saman:

Ættarmót að Íslenskum sið

FÓLK Taflendingamót verður endurvakið í Grindavík í dag en það hefur verið haldið einu sinni áður, fyrir fimm



PHETCHADA KHONGCHUMCHUEN

árnum. Taflensk-Íslenska félagið stendur fyrir mótinu.

„Okkur í Taflensk-Íslenska félaginu langaði til þess að halda mót fyrir Taflendinga svip- að ættarmótum Íslendinga,“ segir Phetchada Khongchumchuen, formaður Taflensk-Íslenska félagsins.

Á mótinu verður meðal annars keppt í som dam-salatgerð, sem er þekkt í taflenskrí matargerð en útlendingum hættir til að finna heldur sterkt að sögn Phetchodu. - mmf / sjá Allt í miðju blaðsins

Tilkynning frá ráðuneytinu:

Fullyrðing Ragnars röng

EFNAHAGSMÁL Fullyrðing lögmannsins Ragnars Hall um að Ísland þurfi að greiða tvo milljarða króna í lögfræðikostnað vegna Icesave-málsins er röng. Þetta kemur fram í tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að innstæðutryggingasjóðir Breta og Íslendinga hafi gert með sér samkomulag um að deila kostnaði við uppgjör við sparifjáreigendur Landsbankans í Bretlandi. Íslenski sjóðurinn fellst á að greiða kostnað upp að 10 milljónum punda, um 2 milljörðum króna. Hluti af þeim kostnaði er lögfræðikostnaður en auk þess er ýmis aðkeypt þjónusta og tölvuvinnsla. - bpa

Yfir hundrað þúsund hafa smitast af svínaflensu í Bretlandi:

Faraldurinn á byrjunarreit

GENF. AP Líklegt þykir að yfir hundrað þúsund manns hafi smitast af svínaflensu í Bretlandi og hefur smituðum fjölgað um helming nú í vikunni. Í Bandaríkjunum er talið að fjöldi þeirra sem hafa smitast sé kominn yfir milljón.

Keiji Fukuda, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar WHO, segir að faraldurinn sé enn á byrjunarreit. Stofnunin hefur áður sagt líklegt að á næstu tveimur árum muni allt að tveir milljarðar manna smitast, eða nærri þriðji hver jarðarbúi.

„Þótt hundrað þúsunda eða

jafnvel milljónir smitist, þá erum við samt á byrjunarstigi heimfaraldursins,“ sagði Fukuda.

Víða um heim eru stjórnvöld að grípa til ráðstafana til að hægja á útbreiðslu faraldursins. Í Sádi-Arabíu var til dæmis ákveðið að banna börnum, öldruðum og langveiku fólki að fara í pílagrímaför til helgu borgarinnar Mekka í ár.

Af Evrópuríkjum er faraldurinn lengst á veg kominn í Bretlandi. Um þriðjtu manns eru látnir þar í landi. Stjórnvöld þar hafa nú áhyggjur af því hvort heilbrigðiskerfið anni þeim verkefnum sem flensan kallar á. - gb



VIÐBRÖGÐIN SKIPULÖGÐ Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, átti fund með starfsmönnum heilbrigðisyfirvalda í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eik banki kynnir uppgjör:

Hafa tapað 1,7 milljörðum

VIÐSKIPTI Færeyski bankinn, Eik banki, tapaði 69,2 milljónum danskra króna eða 1,7 milljörðum íslenskra króna á fyrri helmingi þessa árs. Bankinn tapaði um tíu milljónum danskra króna á sama tímabili fyrir ári.

Í tilkynningu frá bankanum segir að auknar afskriftir og minni umsvif í kjarnastarfsemi bankans skýri þessa afkomu. „Að þurfa að kynna tap á starfsemi bankans er ekki hægt að setta sig við,“ segir Marner Jacobsen, framkvæmdastjóri bankans. „Tapið kom hins vegar ekki á óvart í ljósi þeirra aðstæðna sem ríkja á alþjóðlegum mörkuðum.“ - bpa

Óvíst að milljónirnar sviknu finnast aftur

Svik tveggja ungra manna sem höfðu tugi milljóna af tveimur hlutafélögum og Íbúðalánasjóði voru ótrúlega úthugsuð, segir forstöðumaður fyrirtækjaskrár. Útilokað er talið að menn um og undir tvítugu hafi átt að þeim frumkvæði.

LÖGREGLUMÁL Alls óvíst er hvort tekst að endurheimta það fé sem á dögnum var sviðið út úr Íbúðalánasjóði og tveimur hlutafélögum með stórfelldum blekkingum og skjalafalsi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vinnur efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra nú að því að rekja slóð fjárisins en hefur ekki haft erindi sem erfiði.

Tveir menn, fæddir 1989 og 1990, voru handteknir vegna málsins á miðvikudag og sitja nú í gæsluvarðhaldi. Heimildir blaðsins herma að fleiri séu taldir viðriðnir málið, en fleiri hafa ekki verið handteknir að svo stöddu.

Aðferðirnar sem mennirnir ungu beittu við svikin voru flóknar. Þeir tóku yfir stjórn tveggja fyrirtækja með því að falska tilkynningar til fyrirtækjaskrár um breytingar á stjórnnum þeirra og nýja prókúruhafa. Til þess þurftu þeir meðal annars að falska undirskriftir allra stjórnarmanna. Síðan stungu þeir undan eignum félaganna.

Þá fölsuðu þeir samninga um sölu á fasteignum í eigu félaganna, tóku lán hjá Íbúðalánasjóði fyrir kaupunum og stungu fénu undan. Komist hefur upp um svik sem nema ríflega 50 milljónum króna og er talið að sú tala geti enn hækkað.

Félögin sem svikin voru hafa kært athæfið, auk þess sem fyrirtækjaskrár hefur lagt fram kærur vegna skjalafalsins.

„Þegar menn senda falsaðar tilkynningar til okkar þá er það náttúrulega bara grafalvarlegt mál,“ segir Skúli Jónsson, forstöðumaður fyrirtækjaskrár. Hann segir



FANGAKLEFAR Ungu mennirnir tveir sitja nú í gæsluvarðhaldi og munu gera þar til á mánudaginn hið minnsta, þegar Hæstiréttur tekur afstöðu til kærur þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

mennina hafa tekið yfir stjórn tveggja félaga, og það hafi síðan verið árvökulir starfsmenn fyrirtækjaskrár sem uppgötvuðu að ekki væri allt með felldu þegar þeir reyndu að leika sama leik með þriðja félagið.

Skúli segir svikin hafa verið ótrúlega úthugsuð. Hann hafi aldrei séð neitt þessu líkt.

Hvorugur mannanna tengist félögnum, og þau tengjast ekki innbyrðis. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins starfaði annar mannanna sem gjaldkeri í banka og nýtti þá stöðu sína til verksins.

Þá eru allir heimildarmenn blaðsins sammála um að nær útilokað sé að tveir menn um og undir tvítugu hafi átt frumkvæðið

áð svo flóknum svikum, og hefur rannsókn lögreglu meðal annars beinst að því að reyna að komast að því hverjir fengu þá til verksins. Rannsóknin mun meðal annars hafa teygst sig út fyrir landsteinana.

Málið er afar viðkvæmt og lögregla verst af því allra fregna. Þá voru forsvarsmenn félaganna tveggja, sem mennirnir rændu völdum í, beðnir að láta málið ekki fréttast eftir að þeir komust á snóðir um það til að vernda rannsóknarhagsmunum.

Mennirnir voru úrskurðaðir í varðhald til 28. og 30. júlí. Þeir kærðu báðir úrskurðina til Hæstaréttar, sem mun dæma í málinu eftir helgi. stigur@frettabladid.is



KOMINN Í NOTKUN Sónaukinn mikli á Kanaríeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýtt mannvirki á Kanarí:

Einn öflugasti sjónauki heims

KANARÍ, AP Einn öflugasti sjónauki heims hefur verið tekinn í notkun á Kanaríeyjum. Jóhann Karl Spánarkonungur vígði hann.

Sjónaukinn stendur efst á útkulnuðu eldfjalli og verður notaður til að kanna dauft ljós frá fjarlægum hlutum alheimsins.

Meira en þúsund manns hafa unnið að uppsetningu sjónaukans, sem heitir Gran Telescopio Canarias, en skipulagning hófst árið 1987.

Vísindamenn segja að hann muni nýtast til að kanna uppruna stjarna, eðli svarthola og greina efnasamsetningu allt aftur að upphafi heimsins í Miklahvelli. - gb

KÓPAVOGUR

Ný siglingaaðstaða vígð

Ný aðstaða fyrir siglingafólk verður vígð í Kópavogi í dag. Húsið er í Naustavör og er á tveimur hæðum. Í Naustavör er einnig ný sjósetningarrænna ásamt flotbryggju og góð aðstaða fyrir báta á landi.

ÚTIVIST

Barnadagur í Viðey

Yngsta kynslóðin verður boðin sérstaklega velkomin í Viðey á morgun. Barnamessa verður í kirkjunni og skemmtun verður haldin fyrir börnin. Að auki hefur opin smíðavöllur og hægt að smíða flugdreka. Siglt er í Viðey á klukkustundarfresti.

Orð ráðherra um niðurskurð til lögreglu sögð eins og blaut tuska í andlitið:

Lögregla sinnir ekki útköllum

LÖGGÆSLA Lögreglan hefur þurft að sleppa því að sinna fimm útköllum á tveimur sólarhringum vegna mannfæðar, segir lögreglumaður sem sent hefur fjölmiðlum bréf vegna ástandsins hjá lögreglunni.

Í myndum sem fylgja síðasta bréfi lögreglumannsins, sem óskar starfs síns vegna eftir nafnleynd, má sjá yfirlit úr skrá lögreglu þar sem fram kemur að lögreglumenn hafi ekki sinnt útköllum, til dæmis innbroti við Reynisvatn.

Þá var margitrekaðri kvörtun í fjölbýlishúsi vegna hávaða sinn mjög seint. Þegar lögregla kom loks á staðinn var ölvad fólk að leika sér að opnum eldi við fjölbýlishúsið og notaði til þess grillvökva, segir lögreglumaðurinn.

Í bréfi hans segir enn fremur að Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu skuldi rannsóknarlögreglumönnum um 200 yfirvinnutíma, og að hjá lögreglu bíði mörg mál frá því í maí sem ekkert hafi verið rannsökuð.

Lögreglumaðurinn undrast orð dómsmálaráðherra, sem sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að ekki komi til greina að fara fram á aukafjárveitingu fyrir lögreglu, en að hún voni að niðurskurður bitni ekki á þjónustu við almenning.



LÖGREGLA Orð dómsmálaráðherra um niðurskurð hjá lögreglu voru eins og blaut tuska í andlit lögreglumanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Lögreglumenn bjuggust við stuðningi frá ráðuneytinu og því var það eins og blaut tuska í andlitið þegar ráðherra sagði að það væri hægt að halda uppi viðunandi löggæslu þrátt fyrir niðurskurð, segir lögreglumaðurinn. - vsp



ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPÍÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

Nánari upplýsingar á vefslóðinni
www.minjasafnreykjavikur.is



Minjasafn Reykjavíkur
ÁRBÆJARSAFN



Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugðið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemningu sem þú vilt.

GRILLAÐAR LAMBAKÓTILETTUR - SUMARSMELLUR MEÐ HIMNESKRI GRILLSÓSU

12 - 14 kótilettur (3-4 kótilettur á mann) • 3 msk hunang • 3 msk balsamik edik • 2 dl Pasific Papaya Hot Spot sósa eða Mango Jalapeno Hot Spot sósa.

Þiskið hunang, edik og Hot Spot sósu saman í skál. Leggið kótiletturarnar á heitt grillið, penslið kjötið með sósunni þegar einungis 4 - 5 mínútur eru eftir af elduninni á kjötinu, þá mun sósan brúnast aðeins og taka í sig smá reykjarbragð. Algjör sumarsmellur - þú verður að prófa!

Himnesk grillsósa:

Blandið afganginum af grillsósunni saman við sýrðan rjóma - himnesk grillsósa.

Borið fram með bakaðri kartöflur, salati og himneskri sósu - njótið vel!

Matreiðsluþættir líka á netinu - lambakjot.is

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA ... EINFALT

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	125,57	126,17
Sterlingspund	206,76	207,76
Evra	178,68	179,68
Dönsk króna	23,997	24,137
Norsk króna	20,149	20,267
Sænsk króna	16,79	16,888
Japanskt jen	1,3231	1,3309

SDR	195,57	196,73
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	231,4946	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Álit Hagfræðistofnunar Háskólans mun liggja fyrir eftir verslunarmannahelgina:

Líta á þetta sem þjóðþrifamál

HAGFRÆÐI „Við miðum við að það taki um tíu daga að klára þetta og þetta verður því tilbúið eftir verslunarmannahelgina,“ svarar Gunnar Ólafur Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, spurningu um hversu langan tíma það taki fyrir stofnunina að skila álitum um Icesave.



GUNNAR ÓLAFUR HARALDSSON Hagfræðistofnun stefnir að því að skila álitum sínu eftir verslunarmannahelgi.

Fjárlaganefnd fól Hagfræðistofnun, á fundi sínum á fimmtudag, að skoða álit Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins á Icesave-samningnum, sem lögð voru fyrir fjárlaganefnd á dögunum, og meta þær forsendur sem lágu að baki þeim álitum. Icesave-samningur-

inn verður ekki ræddur á þingi fyrr en álit Hagfræðistofnunar liggur fyrir. „Við leggjum mat á þær forsend-

ur og metum hvort þær séu raunhæfar,“ segir Gunnar. Aðspurður segist hann gera ráð fyrir að fá aðgang að öllum þeim gögnum sem lágu að baki álitunum tveimur.

Margir koma að álitum Hagfræðistofnunar, að sögn Gunnars, en þrjár starfa hjá stofnuninni í fullu starfi og nokkrir í hlutastarfi. Einnig er gert ráð fyrir að leitað verði álits sérfræðinga innan hagfræðideildar Háskólans.

En hvað eru þetta miklir peningar sem þið fáíð fyrir þetta? „Við lítum á þetta sem þjóðþrifamál og þetta verður svo sem ekki neitt gróðaverkefni,“ segir Gunnar.

- vsp

Starfsmenn flytjast búferlum:

Uppgjör undir væntingum

VIÐSKIPTI Nýherji hagnaðist um 90 milljónir króna á fyrstu sex mánuðum þessa árs. „Afkoma Nýherja hf. er undir væntingum á fyrri ársþingum ársins 2009 og samdráttur í eftirspurn á Íslandi meiri en áætlað var,“ segir Þóror Sverrisson forstjóri.

Jafnframt er greint frá því í uppgjörinu að vel menntað og sérhæft starfsfólk er farið að flytjast til starfa erlendis og hafa um þrjú prósent starfsmanna Nýherjasamstæðunnar þegar flutt eða eru að flytjast til starfa hjá upplýsingateknifélögum erlendis, þar á meðal til dótturfélaga Nýherja.

- bpa

Fimm EES-reglur að lögum: Fimm tilskipanir að lögum

ALÞINGI Fimm frumvörp voru afgreidd á Alþingi í gær sem má rekja til tilskipana Evrópusambandsins sem íslenska ríkið er skuldbundið til að taka upp í lög samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES).

Þetta voru lög um brottfall á undanþágum starfsmanna í hlutastörfum, breytingu á ýmsum lögum um óréttmæta viðskiptahætti, einföldum reglunum um hlutafélög og einkahlutafélög og frumvarp um breytingu á tímabundnum ráðningarsamningum. Síðast en ekki síst skal nefna frumvarpið með langa nafninu um „aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri.“

- vsp

Eyða helmingi fleiri krónum: Færri túristar

EFNAHAGSMÁL Um þremur prósentum færri ferðamenn fóru um Leifsstöð í júnímánuði samanborið við sama mánuð í fyrra. Í Morgunkorni Íslandsbanka segir að alls hafi 54.500 erlendir gestir farið um Leifsstöð í júní og ferðamönnum undanfarna tvo mánuði fækkað um þrjú þúsund samanborið við sama tímabil í fyrra.

Þrátt fyrir fækkun ferðamanna hefur gistinguferðamanna erlendra ferðamanna hérlendis fjölgað. Veikt gengi krónunnar gerir það jafnframt að verkum að ferðamenn eyða um helmingi fleiri krónum en áður.

- bpa

ÁRÉTTING

Minnisblað um lán ríkisins sem vísað var til í Fréttablaðinu í gær var unnið í fjármálaráðuneytinu en ekki Seðlabankanum, en starfsmenn Seðlabankans unnu að blaðinu með starfsmönnum ráðuneytisins. Minnisblaðið var unnið fyrir fjármálaráðherra.

Seðlabanki Evrópu bakhjarl krónunnar

Viðskiptaráðherra segir björninn unninn við að gera markað með krónur nothæfan ef Seðlabanki Evrópu samþykkir að gerast aðili að honum. Seðlabanki Íslands segir að líklega verði spurt um samstarf í kjölfar aðildarumsóknar.

EFNAHAGSMÁL Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir fjölmargar leiðir færar fyrir Seðlabanka Evrópu að aðstoða Seðlabanka Íslands í gjaldeyrismálum. „Það má í sjálfu sér ímynda sér margvíslegar leiðir til þess en þær myndu flestar fela í sér með einum eða öðrum hætti að evrópski seðlabankinn stuðlaði að virkum viðskiptum með krónur.“

Eftir að samþykkt var að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið sagði Gylfi Magnússon í viðtali við Fréttablaðið það vel koma til greina að ganga á fund Seðlabanka Evrópu strax í haust varðandi samstarf í gjaldeyrismálum.

Hann segir að stofnun eins og Seðlabanki Evrópu hafi margvísleg tæki sem hann geti notað til að aðstoða Ísland og ekki sé endilega víst að það hafi mikinn fjárhagslegan kostnað í för með sér fyrir bankann.

„Í þeirra tilfelli væri um að ræða kaup og sölur á krónum og evrum. Um leið og það yrði virkur markaður fyrir krónur og evrur með bakhjarl eins og evrópska seðlabankann þá væri björninn unninn hvað það varðar að gera markaðinn með krónur nothæfan á ný,“ segir Gylfi. „Aðalmálið er að markaðurinn verði dýpri og að sterkir aðilar standi á bak við kaup og sölutilboð á markaðnum.“

Gylfi segir að samstarf myndi auk þess flýta fyrir því að Ísland



SEÐLABANKI EVRÓPU ER STAÐSETTUR Í FRANKFURT Viðskiptaráðherra telur það vel koma til greina að hann gangi á fund forráðamanna Seðlabanka Evrópu nú þegar samþykkt hefur verið að ganga til aðildarviðræðna við Evrópusambandið.

gæti afnumið gjaldeyrishöftin og uppfyllt að fullu skilyrði EES um frjálst fjármagnsflæði. Hann segir það vel hugsanlegt að samstarfið væri eitthvað í líkingu við gjaldeyrissprógramm Seðlabanka Evrópu sem kallast ERM II sem er undanfari þess að lönd geta tekið upp evruna. Það eigi þó eftir að semja um þessi málefni svo sem ákveðin vikmörk á gengi krónunnar og hvort bankinn kæmi til með að veita Seðlabanka Íslands lán eða einhverjar lánalínur. Gylfi segir það ef til vill ekki gott að fara

á lýsa öllum óskum um samstarf á þessum tímamarki áður en rætt er við bankann.

Samkvæmt svari Seðlabanka Íslands við fyrirspurn Fréttablaðsins um samstarf segir hann að væntanlega verði spurt um slíkt vegna umsóknar um aðild að Evrópusambandinu. Engin sérstök breyting hafi orðið á starfsháttum bankans á þessu stigi en bendir þó á að stjórnendur bankans hitti forsvarsmenn annarra seðlabanka reglulega á fundum.

bta@frettabladid.is



BJÖRGUNARSTARF Í HVÍTA-RÚSSLANDI Aðstoða þurfti aldrað fólk við að komast leiðar sinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óveður í Evrópulöndum: Fárviðri kostaði tíu manns lífið

PÓLLAND, AP Mikið óveður í Evrópulöndum síðustu daga varð sjö manns að bana í Póllandi, tveimur í Tékklandi og einum í Þýskalandi.

Í Póllandi urðu dauðsföllin á fimmtudagskvöld þegar mikið hvassviðri reið yfir. Einnar verst varð ástandið í kringum borgina Wrocław í suðaustanverðu Póllandi, þar sem raforkulínur slitnuðu. Í Tékklandi lést eldri kona og maður á þritugsaldri drukkaði. Lík hans fannst suður af Prag í gær.

Í Þýskalandi missti ökumaður stjórn á bifreið sinni í úrhellisrigningu og ók á vegrið.

- gb

Gamlir tímar rifjaðir upp:

Heyannadagur á Árbæjarsafni

FÓLK Heyjað verður á Árbæjarsafni á morgun, á árlægum heyannadegi. Af því tilefni verða amboð tekin fram og gestum og gangandi verður gefinn kostur á að taka þátt í heyönnun eins og þær voru áður en heyyinnuvélar komu til sögunnar. Notast verður því við ljái, orf og hrifur til þess að afla heysins.

Dagskráin í Árbæjarsafni hefst klukkan eitt á morgun og stendur fram eftir degi. Sérstaklega er þó tekið fram í tilkynningu frá safninu að dagskráin sé háð veðrinu.

- þeb

TÖFRASTUNDIR VISA Í SUMAR

NOTAÐU FREKAR VISA

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ Á HVERJUM DEGI!

100 stórglæsilegir ferðavinningar að verðmæti yfir 4.000.000 kr.

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

HÆGVIBRI Það verður áfram heldur svalt á landinu í dag en á morgun hlýnar heldur. Helst má búast við vætu á Vestfjörðum í dag og einnig eru horfur á síðdegis-skúrum norðantil og í innsvæitum vestanlands. Bjartast verður suðaustantil.

Á MORGUN 5-13 m/s Hvassast suðaustan til.

MÁNUDAGUR Norðaustan 5-10 m/s.

HEIMURINN

Alicante	29°
Bassel	32°
Berlín	22°
Billund	19°
Eindhoven	20°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	22°
Gautaborg	19°
Kaupmannahöfn	19°
Las Palmas	25°
London	22°
Mallorca	30°
New York	31°
Orlando	33°
Ósló	16°
París	24°
San Francisco	20°
Stokkhólmur	21°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

50%

afsláttur

ÖLL SUMARBLÓM OG
TRJÁPLÖNTUR

HELGAR SPRENGJA!

TORGID

VÖRUMARKAÐUR HÚSASMÍÐJUNNAR

25%

AFSLÁTTUR

Af öllum vörum
í Torginu

verð áður
8.999

Flíspeysa
Bergans, herra, í
bláu og grænu,
5860495-515



Vind/regnföt
Sett, svart
5868001-6

verð áður
5.999



Bergans flíspeysur, vind/regnföt, leður sandalar
Allt á aðeins

2.999 kr/stk

Mikil verðlækkun!



Sandalar
leður, mjúkir og
góðir, st. 36-46
5861002-13

verð áður
6.999



30%

afsláttur

ÖLL GLÖS

Í HÚSASMÍÐJUNNI
gildir ekki í Blómavali
og EGG


HÚSASMÍÐJAN

x 
blómavali

Fráber saman

KJÖRKASSINN



Finnst þér að blindir og heyrnarlausir eigi að greiða jafnháan skatt og aðrir til Ríkisútvarpsins?

Já 21%
Nei 79%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú á útihátíð um verslunarmannahelgina?

Segðu skoðun þína á visir.is.



Héraðsdómur hafnaði kröfu Hollendinga um frávísun í Papeyjarmálinu:

Máli á hendur Rabe ekki vísað frá

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði í gær frávísunarkröfu Hollendinga Peters Rabe í hinu svokallaða Papeyjarmáli. Því verður rétt að yfir Rabe hér á landi, en hann er talinn höfuðpaurinn í málinu.

Rabe krafðist frávísunar á þeim grundvelli að ffniefnin sem málið snýst um, ríflega 100 kíló af amfetamíni, kannabisi og e-töflum, hafi verið flutt úr skútunni sem hann sigldi yfir í gúmmibát utan íslenskrar landhelgi. Íslensk lög næðu því ekki yfir athæfið.

Í niðurstöðu dómara er vísað til sjöundu greinar almennra hegningarlaga, þar sem segir að „sé



PETER RABE Hollendingurinn er talinn höfuðpaurinn í málinu. Hann hefur neitað að tjá sig nokkuð um það.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

refsing að einhverju leyti bundin að lögum við afleiðingar verknaðar skuli líta svo á að verkið sé ein-

ig unnið þar sem þessar afleiðingar gerast eða er ætlað að koma fram“.

Í því ljósi að brot Rabe, að reyna að koma miklu magni af ffniefnum á markað á Íslandi, beinist gegn íslenskum hagsmunum, sé því eðlilegt að rétta yfir honum hér.

Rabe getur ekki kært þennan úrskurð til Hæstaréttar, en getur hins vegar, verði niðurstöðu héraðsdóms í málinu að endingu áfrýjað til Hæstaréttar, farið fram á að frávísunarkrafan verði þá tekin fyrir á nýjan leik.

Aðalmeðferð í málinu hefst á mánudag.

- sh

Óöldin í Kongó:

Hálf milljón manns á flótta

KONGÓ, AP Samkvæmt Flóttamannahjálpi Sameinuðu þjóðanna hafa um 536 þúsund manns hrakist að heiman í austurhluta Kongó það sem af er árinu vegna átaka milli stjórnaðhersins og uppreisnarmanna Hútúa.

Hútúarnir eru margir hverjir frá nágrannaríkinu Rúanda og tóku þátt í þjóðarmorðinu þar árið 1994. Ron Redmond, talsmaður Flóttamannastofnunarinnar, segir ýmsar sögur ganga af morðum, nauðgunum og pyntingum sem Hútúarnir beri ábyrgð á.

Alls eru flóttamenn vegna átakanna á þessum slóðum orðnir 1,8 milljónir.

- gb

Lögregla rannsakar dauða:

Gruna einkalækni Jackson

BANDARÍKIN, AP Húsléit hefur verið gerð á læknastofu og í geymslurými Conrads Murrey, sem var einkalæknir

Michaels Jackson. Rannsókn á dauða Jacksons beinist nú aðallega að Murrey og því hvort hann hafi átt þátt í dauða Jacksons. Murrey var með söngvaranum þegar hann dó og reyndi að lifga hann við. Hann hafði verið ráðinn sem einkalæknir hans nokkrum vikum fyrir andlátinu.

Lögregla gerði meðal annars upptæka tvo harða tölvudiska, tölvupóst og nokkurt magn af megrunarlyfjum og vöðvaslakandi lyfjum. Einnig fannst uppsagnarbréf frá spítala í Houston í eignum Murrey. Frekari upplýsingar hafa ekki verið gefnar.

- þeb



MICHAEL JACKSON

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fimm innbrot í fyrrinótt

Þrjú innbrot voru í hús í umdæmi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt föstudags. Einnig var tilkynnt um tvö innbrot í bíla.


Sparkaði í höfuð lögreglu

Lögregla hafði afskipti af ölvuðum manni í íbúðahverfi og flutti hann á brott. Við aksturinn í lögreglubílnum æstist sá ölvaði og sparkaði í höfuð annars tveggja lögreglumanna í bílnum. Hann slasaðist lítillega en hélt áfram vaktinni.

Fíkniefni í Hvalfirði

Lögreglan á Borgarnesi og á Akranesi fóru í sameiginlegt verkefni þegar bifreið sem ferjaði fíkniefni var stöðvuð í Hvalfirði. Lögreglan í Borgarnesi harðneitar að gefa frekari upplýsingar.

STÆKKUN EVRÓPUSAMBANDSINS



Grænlandingar gengu upphaflega í ESB með Danmörku árið 1973 en sögðu sig úr sambandinu árið 1985 vegna deilna um fiskveiðiréttindi þeirra. Þó hafa Grænlandingar enn ýmis viðskiptaleg fríðindi við lönd ESB. Einnig hafa þegar Grænlands ESB-ríkisborgararétt en mega ekki kjósa í kosningum til Evrópuþingsins.

Stækkun Evrópusambandsins frá 1957

Í Evrópusambandinu eru 27 lönd. Sambandið á upphaf sitt að rekja til Kola- og stálfundalags Evrópu, sem stofnað var árið 1951. Í bandalaginu voru Ítalía, Frakkland, Vestur-Þýskaland, Holland, Belgía og Lúxemborg. Árið 1957 skrifuðu löndin undir samning um efnahagslega samvinnu og var þá kominn vísir að ESB. Árið 1973 gengu Danir, Írland og Bretar inn í sambandið. Noregur átti að ganga í sambandið á sama tíma en aðild var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu. Grikkir gengu í sambandið

árið 1981 og Spánverjar og Portúgalar fimm árum síðar. Sama ár var formlegur fánir sambandsins tekinn í gagnið og eru á honum 12 stjörnur, fyrir þau aðildarlönd sem voru í sambandinu árið 1986. ESB eins og við þekkjum það nú var stofnað formlega 1. nóvember 1993, með Maastricht-sáttmálanum. Í honum er til dæmis kveðið á sameiginlegan gjaldmiðil, evruna. Tveimur árum síðar gengu Austurríki, Svíþjóð og Finnland í sambandið en þau tvö síðastnefndu voru fyrir í EES.

Árið 2004 var svo stærsta stækkun ESB þegar Malta, Kýpur, Slóvenía, Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Tékkland, Slóvakía og Ungverjaland gengu í sambandið. Þremur árum síðar gengu nýjustu Rúmenía og Búlgaría inn. Þrjú lönd bíða enn inngöngu, Króatía, Tyrkland og Makedónía. Líklegir umsækjendur næstu árin eru Bosnía og Hersegóvína, Albanía, Svartfjallaland og Serbía. Kósovo kæmi einnig til greina en ESB viðurkennir það ekki sem sjálfstætt ríki.

vidir@frettabladid.is



VESTURLANDSVEGUR Eftir áreksturinn lenti jeppinn á ljósastaur og lenti á hvolfi. Betur fór þó en á horfðist.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Fór betur en á horfðist í slysi:

Lenti á ljósastaur og valt

LÖGREGLUMÁL Einn maður slasaðist þegar tveir bílar, fólksbíll og jeppi, skulu saman á Vesturlandsvegi við Höfðabakkabrú í gær. Maðurinn slasaðist ekki alvarlega en var fluttur á slyshadeild.

Við áreksturinn fór jeppinn út af veginum og skall á ljósastaur. Hann endaði svo á hvolfi við veginn. Ekki fengust upplýsingar um það hjá lögreglu hversu margir voru í bílnum né um tildrög slyssins að öðru leyti.

- þeb

Frumvarp samþykkt í gær:

Þrjár sérstakir í viðbót við Ólaf

STJÓRNISÝSLA Frumvarp dómsmálaráðherra um að bæta við þremur nýjum sérstökum saksóknurum við hlið Ólafs Þórs Haukssonar var samþykkt í gær með atkvæðum allra viðstaddra. Allir skulu þeir uppfylla skilyrði til þess að vera héraðsdómarar, nema það má víkja frá aldurshámarkinu, sem er 70 ár. Lög in öðlast þegar gildi.

Einnig er í frumvarpinu lagt til að settur verði sérstakur saksóknari yfir málefnum er varða bankahrunið en Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari lýsti sig vanhæfan í maí síðastliðnum í þeim málum. Farið verður því með málið eins og þegar ríkissaksóknari lýsir sig vanhæfan í einstökum málum.

- vsp

VILTU LÆRA AÐ SIGLA Í SUMAR?



Í sumar mun Brokey, Siglingafélag Reykjavíkur, bjóða upp á skemmtileg siglinganámskeið og æfngar fyrir börn og fullorðna.

Börn og unglingar:
Fimm daga siglinganámskeið sem fram fer í Nauthólsvík og er fyrir krakka á aldrinum 10-15 ára.
Námskeiðin standa yfir á milli kl.13:00-16:30 alla virka daga.

Fullorðnir:
Skemmtilegt þriggja kvöldna siglinganámskeið þar sem kennt er á 26 feta seglbát. Farið er yfir það helsta sem hásetar á seglbát þurfa að kunna.

Skráning stendur yfir á www.brokey.is

Nánari upplýsingar í síma 8951551

Bæjarráð Garðabæjar ákvað að koma til móts við launakröfur flokksstjóra:

Launabarátta sem skilaði sér

ATVINNA Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á þriðjudag að greiða flokksstjórum í Vinnuskóla þar í bæ 15 klukkustunda yfirvinnu á tímabilinu júní til júlí. Einnig verður þeim boðið að framlengja ráðningarsamninga sína til 7. ágúst. Þetta var gert til að koma til móts við kröfur flokksstjórnanna sem töldu sig hlunnfarna í launamálum.

Flokksstjórnarnir voru með um 162 þúsund krónur í mánaðarlaun og engin yfirvinna var í boði. Atvinnuleysisbætur eru rétt tæplega 150 þúsund krónur. Vildu flokksstjórnarnir meina að þetta væru afar ósanngjörnt laun þar sem þeir bæru ábyrgð á börnum á aldrinum 14 til 16 ára. Allir flokksstjórnarnir eru annaðhvort háskólanemar eða útskrifaðir úr háskóla.

Nágrannasveitarfélögin buðu hins vegar töluvert betri laun. Sömu grunnlaun voru hjá Álftanesi og Hafnarfirði en í þeim sveitarfélögum var þeim boðin yfirvinna. Tuttugu tímar á mánuði á Álftanesi og tíu í Hafnarfirði. Reykvískir flokksstjórar fengu um 170 þúsund krónur á mánuði auk 7.000 króna í matarpening. Kópavogur greiddi starfsmönnum sínum rétt um 190 þúsund krónur og Mosfellsbær um 166 þúsund.

Auk launa þótti flokksstjórum ósanngjarnt að vera



VINNUSKÓLINN Allir flokksstjórar Vinnuskóla Garðabæjar eru háskólanemar eða með háskólagráðu og fengu 162.017 krónur á mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

aðeins ráðnir til 1. ágúst, en starfsmenn Áhaldahúss Garðabæjar voru ráðnir út ágúst.

- vsp

SAMAN FINNUM VIÐ RÉTTA LEIÐ

SKULDAAÐLÖGUN

Nýi Kaupþing banki kynnir nýtt úrræði fyrir fólk í greiðsluvanda. Með Skuldaaðlögun eru lán aðlöguð greiðslugetu viðskiptavina bankans. Skuldaaðlögun er einföld og sveigjanleg leið til að leiðrétta stöðuna.

Skuldaaðlögun er enn ein lausnin sem Nýi Kaupþing banki býður viðskiptavinum til að takast á við erfiðan fjárhag. Meðal þeirra leiða sem bankinn gefur kost á eru:

- Skuldaaðlögun
- Lenging lánstíma
- Breyting á lánaskilmálum
- Tímabundin frestun afborgana
- Ráðgjöf
- Greiðslujöfnun
- Ekkert uppgreiðslugjald
- Innágreiðslur lána í Netbanka
- Stöðumat
- Heimilisbókhald
- Lífeyris- og tryggingamál
- Netdreifing/útgjaldadreifing

VIÐ GETUM LEYST MÁLIN Í SAMEININGU

Fáðu ítarlegri upplýsingar um Skuldaaðlögun og önnur úrræði á www.kaupthing.is, hafðu samband í síma 444 7000 eða komdu við í næsta útibúi Nýja Kaupþings banka.

NÝI KAUPÞING BANKI

VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hversu stóran hlut í HS Orku keypti kanadíska fyrirtækið Magma Energy Corporation af Geysi Green Energy?
- 2 Hver skoraði jöfnunarmark KR gegn gríska knattspyrnuliðinu Larissa?
- 3 Hver er nýr dómari Gettu betur-spurningakeppinnar?

SÍÁ SVÖR Á SÍÐU 38

Stjórnlagabing kostar minnst 362,3 milljónir og mest 442 milljónir:

25 til 31 fulltrúi sitji stjórnlagabingjóð

KOSNINGAR Stjórnlagabing kostar minnst 362,3 milljónir og mest 442 milljónir samkvæmt frumvarpi sem Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra lagði fram á þingi í gær. Gert er ráð fyrir að starfstími þingsins verði átta til ellefu mánuðir. Kostar hver mánuður um 30 milljónir króna auk þess sem stofnkostnaður verður um 38 milljónir króna. Þriðji kostnaðarliðurinn, um 50 milljónir, er kostnaður við að útbúa og dreifa kynningarefni um frambjóðendur.

Þingið á að skipa minnst 25 fulltrúa og mest 31. Ef til þingsins kjóast minna en 40 prósent af öðru kyninu verður sex fulltrúum bætt



ALÞINGI Laun stjórnlagabingmanna verða mest 472 þúsund krónur á mánuði. Gert er ráð fyrir að 11,8 milljónir króna fari í launakostnað til þingfulltrúa á mánuði. Þingmenn fá því 472 þúsund krónur á mánuði ef fulltrúar eru 25. Ef fulltrúar

eru 31 verða þau 381 þúsund krónur, samkvæmt kostnaðaráætlun.

Gert er ráð fyrir að kosið verði til þingsins samhliða sveitarstjórnakosningum árið 2010. Kjörgengir eru þeir sem kjörgengir eru til Alþingis. Forseti Íslands, ráðherrar eru þó ekki kjörgengir.

Þingið, sem á að vera ráðgefandi, á að koma saman eigi síðar en 17. júní 2010 og ljúka störfum 17. febrúar 2011. Getur þingið þó ákveðið að ljúka störfum fyrr. Forsætisnefnd stjórnlagabings skal hafa eftirlit með því að kostnaður við þingið rúmist innan fjárlaga.

- vsp

Svikulir ferðamenn:

Greiddu ekki tjaldsvæðisgjald

LÖGREGLUMÁL Um þrjátíu manna ferðahópur frá Póllandi greiddi ekki tjaldsvæðisgjald á Borgarfirði eystri í gærmorgun. Flýðu þeir tjaldstæðið áður en þeir voru rúkaðir, að sögn Lögreglunnar á Egilsstöðum. Lögreglan reyndi að sitja fyrir þeim í gær en fyrir-sátin gekk ekki.

Ferðahópurinn kom með Norrænu á fimmtudag á vegum pólskrar ferðaskrifstofu, að sögn lögreglu. Ferðast hann á þremur hópferðabílum, tveimur gulum og einum hvítum. Þeir sem geta gefið upplýsingar um ferðir bifreiðanna eru beðnir um að hafa samband í síma 470-2140.

- vsp

Stríðsglæpadómstóll í Haag: Seselj dæmdur fyrir óvirðingu

HAAG, AP Vojislav Seselj, leiðtogi stærsta stjórnmalaflokks Serbíu, var í gær dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi af stríðsglæpadómstól í Haag fyrir að hafa sýnt réttinum óvirðingu.



VOJISLAV SESELJ

Seselj hefur verið í haldi dómstólsins í Haag síðan árið 2003, ákærður fyrir að hafa hvatt serbneska hermenn í Bosníu og Króatíu til voðaverka með hatursfullum ræðum sínum.

Óvirðingin er fólgin í því að Seselj nafngreindi, í bók sem hann skrifaði í fangelsinu, vitni sem höfðu undir dulnefni borið vitni gegn honum við réttarhöldin.

- gb

VESTFIRÐIR

Þýðingarmiðstöð opnuð

Útibú þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytisins á Ísafirði hefur hafið starfsemi. Tveir þýðendur starfa þar en líklega verður starfsmönnum fjölgað í haust. 32 starfa hjá þýðingarmiðstöðinni í Reykjavík, á Akureyri, Ísafirði og í New York.

Zelaya gerir aðra tilraun

Manuel Zelaya hvetur hermenn til að hunska fyrirskipanir um að handtaka sig. Hann ætlar yfir landamærin til Hondúras til að endurheimta forsetaembættið.

NÍKARAGVA, AP Manuel Zelaya hefur komið sér fyrir í Níkaragva og ætlar nú um helgina að halda yfir landamærin til Hondúras. Þar vonast hann til að endurheimta forsetaembættið, sem hann var rekinn úr fyrir mánuði.

Hann hvetur hermenn í Hondúras til að sinna ekki fyrirhæltum um að handtaka sig og virðist treysta á víðtækan stuðning almennings.

Á fimmtudaginn ók hann á jeppa til bæjarins Esteli í Níkaragva, aðeins 40 kílómetra suður af landamærum Hondúras. Strax í dag eða á morgun stefnir hann síðan að því að sæta lagi og fara yfir landamærin.

„Ég er á leiðinni til Hondúras, og ég vona að flestir íbúar í Hondúras geti komist fram hjá eftirliti hersins, fari til landamæra og að þeir óttist ekki hermennina,“ sagði hann á blaðamannafundi á hóteli sínu í Esteli. „Ég er sterkur. Ég óttast ekki, en ég veit að ég er í hættu.“

Zelaya segir að enginn árangur hafi orðið af samningatilraunum, sem Bandaríkjamenn hafa staðið að.

Zelaya var steypst af stóli eftir að hann hafði kynnt áform um að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort forseti eigi að fá að bjóða sig fram til fleiri kjörtímabíla.

Bráðabirgðastjórn undir forystu Robertos Micheletti hefur stjórnad landinu síðan.

Öll ríki á vesturhveli jarðar hafa fordæmt stjórnarbyltinguna. Jafnt vinstri- sem hægristjórnir hafa lýst yfir eindregnum stuðningi við að Zelaya snúi aftur og endurheimti forsetaembættið.

Bandaríkjastjórn hefur sagt að líklega verði Hondúras beitt refsiaðgerðum ef Zelaya fær ekki embættið á ný. Á hinn bóginn styður Bandaríkjastjórn ekki þetta ferðalag Zelayas til Hondúras upp á eigin spýtur. Hætt sé við átökum.

gudsteinn@frettabladid.is



Zelaya reynir aftur að snúa heim

Manuel Zelaya hyggst nú um helgina fara yfir landamærin frá Níkaragva til Hondúras að endurheimta forsetaembættið. Stjórnin hótar að handtaka hann og óttast er að til átaka komi.



Bráðabirgðastjórnin lokar landamærum til að koma í veg fyrir að Zelaya snúi heim frá Esteli.



Roberto Micheletti bráðabirgðastjórnarforseti hafnar tilboði um að Zelaya verði leiðtogi þjóðstjórnar.

ATBURÐARÁSIN

■ **28. júní** Herinn steypir Zelaya af stóli og rekur hann í útlegð til Kostaríka eftir að hann hafði reynt að ná fram stjórnarskrárbreytingu um að endurkjósa megi forseta.

■ **29. júní** Obama Bandaríkjaforseti segir stjórnarbyltinguna ólöglega.

■ **4. júlí** Hondúras rekið úr Samtökum Suður-Ameríkúríkja eftir að bráðabirgðastjórnin hunsar frest til að taka við Zelaya aftur í embættið.

■ **5. júlí** Að minnsta kosti einn stuðningsmaður Zelayas lést í mót-mælum við flugvöllinn í Tegucigalpa þegar herinn kemur í veg fyrir að Zelaya snúi heim aftur.

■ **8. júlí** Bandaríkjastjórn afturkallar hernáðaraðstoð við Hondúras.

■ **9. júlí** Micheletti og Zelaya fara til Kostaríka að hitta Oscar Arias forseta.

■ **21. júlí** Evrópusambandið afturkallar fjárhagsaðstoð við Hondúras.

■ **23. júlí** Samninganefndum mistekst að ná samkomulagi eftir þrjár samningatilraunir.

■ **25.-26. júlí** Zelaya hyggst reyna að snúa aftur til Hondúras.

Ódýrt úr nammibarnum á

Tilboðið gildir aðeins á laugardögum

LAUGARDÖGUM



50%

Úr nammi- og hnetubarnum

Tilboðið gildir aðeins á laugardögum



alltaf í leiðinni!



HEYANNIR Á ÁLFTANESI Viðast hvar geta bændur hrósað happi yfir heyfengnum þetta árið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heyskapur hefur gengið vel á Suðurlandi:

Mikill fengur að magni og gæðum

LANDBÚNAÐUR „Heyskapur hefur gengið mjög vel sunnanlands og að mestu leyti um vestan- og norðanvert landið. Ég veit hins vegar að uppskeran er minni norðaustanlands enda var þar eitthvað um kal í tünnum.“

Þetta segir Sigurður Loftsson, bóndi á Steinsholti í Gnúpverjahreppi og formaður Landssambands kúabænda.

Sigurður segir uppskeruna á

sunnanverðu landinu – þar sem hann þekkir best til – mikla bæði að magni og gæðum. Heyið sé gott og sprettan mikil. Þó nokkrir séu farnir að taka annan slátt og alltaf sé töluvert um að menn slái túnin þrisvar yfir sumarið.

„Menn eru hættrir að tala um seinni slátt því nokkuð er orðið um að menn slái þrisvar,“ segir Sigurður Loftsson bóndi.

- bps




Stendur þú skil á þínu?

Samfélagið er svikið um 40 milljarða vegna svartrar atvinnustarfsemi

Talið er að tekjutap hins opinbera vegna skattsvika nemi nálægt 40 milljörðum á hverju einasta ári. Fyrir þá fjárhæð væri hægt að reka Landspítalann í eitt ár eða reka alla almenna heilsugæslu í tvö ár eða byggja nýtt hátæknijúkrahús.

Hættum að kaupa og selja svarta vinnu!

FRÉTTASKÝRING: Starfsemi íslensku viðskiptabankanna á erlendri grundu



Glitnir (10)

1. Útibú í London í Bretlandi – lokun í vinnslu.
2. Útibú í Halifax í Kanada – lokun í vinnslu.
3. Umboðsskrifstofa í Sjanghai í Kína – lokun í vinnslu.
4. Dótturfélagið Glitnir Corp. í Helsinki í Finnlandi – selt 14. október 2008.
5. Dótturfélagið Glitnir Bank SA í Lúxemborg – í söluferli.
6. Dótturfélagið Glitnir Bank ASA í Osló í Noregi – selt 20. október 2008.
7. Dótturfélagið Glitnir Marine Finance AS í Osló í Noregi – selt 23. október 2008.
8. Dótturfélagið Glitnir Securities í Osló í Noregi – selt 14. október 2008.
9. Dótturfélagið Glitnir AB í Stokkhólmi í Svíþjóð – selt 17. október 2008.
10. Dótturfélagið Glitnir Capital í New York í Bandaríkjunum – selt 16. október 2008.



Kaupþing (16)

1. Dótturfélagið FIH í Kaupmannahöfn í Danmörku – er fyrir-tækja- og fjárfestingarbanki og enn starfandi.
2. Dótturfélagið Kaupþing Bank Sweden í Stokkhólmi í Svíþjóð – var selt í lok mars.
3. Dótturfélagið KFS í London í Bretlandi – í greiðslustöðvun frá 8. október 2008.
4. Dótturfélagið Kaupþing Singer & Friedlander á Mön – hefur verið tekið til gjaldprotaskipta.
5. Dótturfélag í Lúxemborg – var selt og hefur hafið starfsemi á ný.
6. Dótturfélagið Kaupþing Bank US í New York í Bandaríkjunum – unnið er að því að loka félaginu.
7. Dótturfélagið Kaupþing Kabushiki Kaisha í Tókýó í Japan – lokað.
8. Dótturfélag í Hong Kong – hefur verið tekið til gjaldprotaskipta.
9. Útibú í Austurríki – búið að loka.
10. Útibúð Kaupþing Bank Finland í Helsinki í Finnlandi – var lokað í janúar.
11. Útibú í Þýskalandi – unnið að lokun útibúsins.
12. Útibúð Kaupþing Bank Norway í Osló í Noregi – í greiðslustöðvun.
13. Útibú í Dúbaí – selt til fyrrverandi starfsmanna.
14. Útibú í Katar – selt til fyrrverandi starfsmanna.
15. Útibú dótturfélags Kaupþings Luxembourg í Sviss – í gjaldprotameðferð.
16. Útibú í Þórhöfn í Færeyjum – búið að loka.



Landsbankinn (12)

1. Útibú í London í Bretlandi – starfar áfram í fjögur til sjö ár til að halda utan um eignir í Bretlandi.
2. Útibú í Amsterdam í Hollandi – var tekið yfir af hollenskum yfirvöldum í byrjun október 2008.
3. Útibú í Halifax í Kanada – starfar áfram til að halda utan um eignir í Kanada.
4. Útibú í Osló í Noregi – lokað.
5. Útibú í Helsinki í Finnlandi – lokað.
6. Útibú í Madrid í Spáni – lokað.
7. Umboðsskrifstofa í New York í Bandaríkjunum – lokað.
8. Umboðsskrifstofa í Hong Kong í Kína – lokað.
9. Dótturfélagið Landsbanki Luxembourg í Lúxemborg – tekið til gjaldprotaskipta.
10. Dótturfélagin Heritable Bank og Landsbanki Securities í London í Bretlandi – tekin til gjaldprotaskipta.
11. Dótturfélagið Merlion Capital í Dublin á Írlandi – selt í október 2006.
12. Dótturfélagið Kepler Equities í Frakklandi – selt í október 2006.

Fennir í spor útrásarvíkinganna

Fréttir af opnun útibúa eða umboðsskrifstofa íslensku viðskiptabankanna erlendis voru algengar á blóma-tímabili hinna svokölluðu íslensku útrásarvíkinga. En bólan er sprungin með hvelli og því kemur í hlut skilanevnda bankanna að taka til eftir veisluna. Stjórnendur þeirra hafa undanfarið lokað útibúum og selt þau dótturfélög sem ekki eru komin í þrot.

Gömlu viðskiptabankarnir þrjár áttu, eftir því sem næst verður komist, tæplega fjórutíu útibú,

umboðsskrifstofur og dótturfélög í tuttugu löndum þegar ríkið tók bankana yfir. Nú er aðeins brot af þessum anga íslenskrar útrásar enn starfandi.

Veldi íslensku viðskiptabankanna náði allt frá Norðurlöndunum suður til Sameinuðu arabísku furstadæmanna og austur til Hong Kong áður en ríkið tók þá yfir og greindi á milli innlendrar og erlendrar starfsemi.

Markmið skilanevndanna virðist vera að draga verulega úr umfangi starfseminnar erlendis, en þó þannig að verðmæti tapist ekki. Þannig vinna nú um 75 manns á skrifstofu skilanevndar Landsbankans í London við eignaumsýslu, mun fleiri en starfa fyrir skilanevndina hér á landi.

Talsverður fjöldi útibúa íslensku

bankanna erlendis hafa verið seld, eins og sjá má á meðfylgjandi korti, og stór hluti er í söluferli. Umboðsskrifstofum bankanna erlendis hefur meira og minna verið lokað. Þá eru fjölmörg dótturfélög bankanna á ýmsum stigum gjaldprotameðferðar eða hafa þegar verið tekin til gjaldprotaskipta.

Eignir bankanna erlendis voru misjafnar, en helstu eignir hvers banka voru yfirleitt útlán. Bankarnir munu því geta innheimt þau útlán með vöxtum á næstu árum, þó heimskreppan hafi trúlega slæm áhrif á heimtunarn.

Ekki allt slæmt við útrásina

Líklegt er að upphaflega hafi tilgangurinn með því að opna útibú íslensku viðskiptabankanna erlendis verið sá að fylgja eftir útrásar-fyrirtækjunum til að þjónusta þau á erlendri grundu, segir Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.

Auk þess vildu bankarnir leitast við að byggja upp hóp viðskiptavina erlendis og taka þátt í sambankalánunum, sem var auðveldara að gera í gegnum útibú.

„Menn voru mjög stórhuga, og ég reikna með að fólk sé starfandi í þessum útibúum hafi talið sig vera í miklum landvinningum, og að skapa ný tækifæri, enda harðduglegt og hámenntað fólk upp til hópa,“ segir Ólafur.

„Ég held að margt hafi verið vel gert í þessum útibúum, þannig sló það mig að minnsta kosti,“ segir Ólafur. Hann heimsótti nokkrum sinnum útibú íslensku viðskiptabankanna í London ásamt nemendum í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík.

„Það má örugglega finna eitthvað að þessu, að þetta hafi byggst of hratt upp, menn hafi farið of geyst, en það er ekki þar með sagt að það sem þarna var gert hafi allt verið ómögulegt. Það var ekki allt slæmt við útrásina, kannski starf-



STEINAR GUÐGEIRSSON

ÁRNI TÓMASSON

seminni hefði farnast betur ef ekki hefði komið til alþjóðleg fjármálakreppa og brotalamir í innviðum bankanna,“ segir Ólafur.

Verðmætin aukast áfram

Skilanevndir bankanna þurfa nú að ákveða hvað verður um dótturfélög og útibú erlendis. Mörgum hefur verið lokað, önnur eru í greiðslustöðvun eða söluferli, og enn önnur hafa verið seld. Einhver útibúanna verða þó rekin áfram enn um sinn.

„Við ákváðum í upphafi að verja eignir bankans og hámarka virði þeirra,“ segir Steinar Guðgeirsson, formaður skilanevndar Kaupþings. Hann segir stefnuna ekki þá að selja stórar eignir á lágu verði líkt og í hefðbundnum gjaldprotum til að greiða lánardrottum hluta af kröfum sínum með reiðufé.

Farsælla sé fyrir alla að halda í eignir og setja þær inn í eignaumsýslufélag, sem kröfuhafar eignist á endanum, þó slíkt geti tekið mörg ár.

„Við teljum að verðmæti eignanna hafi aukist talsvert og muni gera það áfram,“ segir Steinar.

Skilanevnd Glitnis reiknar með að þurfa þrjú til fimm ár til þess að innheimta þau verðmæti sem bankinn átti erlendis, segir Árni Tómasson, formaður skilanevndar Glitnis.

Markmið skilanevndar Glitnis er að biða með að selja eignirnar þar til ástandið á mörkuðum lagast. Þar sem eignir Glitnis erlendis voru aðallega útlánun getur

skilanevndin innheimt afborganir og vaxtagreiðslur á næstu árum, í stað þess að selja útlánin strax með miklum afföllum.

Farið verður rólega í að selja aðrar eignir bankans erlendis í þeirri von að meira muni fást fyrir eignirnar síðar. Það eru einkum hlutabréf í félögum, og í örfáum tilvikum skuldabréf. Alls starfa tíu starfsmenn á vegum skilanevndarinnar í útibúum erlendis.

Árni segir að í heildina reikni skilanevnd Glitnis með að ná um 25 til 30 prósentum af öllum eignum bankans fyrir hrún. Hlutfallið verði væntanlega hærra af eignum bankans erlendis en af eignum hér á landi.

Starfa áfram í allt að sjö ár

Reiknað er með því að útibú gamla Landsbankans í London í Bretlandi verði starfrækt áfram í fjögur til sjö ár til að halda utan um eignir félagsins í Bretlandi, samkvæmt upplýsingum frá skilanevnd bankans.

Skilanevndin á í viðræðum við hollensk yfirvöld um framtíðarfyrirkomulag stjórnunar á útibú bankans í Amsterdam í Hollandi, en það var tekið yfir af hollenskum yfirvöldum í byrjun október.

Starfsemi útibús gamla Landsbankans í Halifax í Kanada var í desember færð inn í sérstakt rekstrarfélag, Labki Finance Inc., sem heyrir undir skilanevnd gamla Landsbankans. Hlutverk Labki Finance er það sama og annarra starfandi erlendra eininga bankans og hámarka verðmæti þeirra.

Skilanevnd Landsbankans er með alls 85 manns í vinnu erlendis. Langflestir, 75 talsins, eru á skrifstofu skilanevndarinnar í London.



FRÉTTASKÝRING

BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

ER KOMINN TÍMI Á
VIÐHALDIÐ!

Tökum að okkur alhliða viðhaldsverkefni.

Áratuga reynsla!

Hafið samband og leitið tilboða.

Upplýsingar á skrifstofu í síma 534 1600
eða hjá Árna Geir Magnússyni, verkefnastjóra,
í síma 690 6011.



www.afhus.is

OPNUNARHÁTÍÐ Í DAG Á SMÁRATORGI MILLI KL 13-16

FULLT AF OPNUNARTILBOÐUM, SILLI Á
VERÐVAKTINNI, BYLGJAN Í BEINNI,
KEPPNIR FYRIR UNGA
SEM ALDNA OG
DISKÓTEKIÐ DÍSA
SÉR UM STUÐIÐ



Skrifstofuvörur



Námöggn og
kennslubúnaður



Hannyrðir og
föndur



Húsgögn



Hreinlætisvörur

A4

Skrifstofa og skóli

Afgreiðslutími
Mán-fim 09:00-18:30
Fös 09:00-19:00
Lau 10:00-18:00
Sun 12:00-18:00

20%
AFSLÁTTUR
AF ALLRI
smávöru

ALVÖRU ÚTSA



TUNGUSÓFI
197.980

VERÐ ÁÐUR KR. 329.980

MIDLAND tungusófi. Fæst með hægri og
vinstri tungu. B:280 D:100/172 H:95 cm.

40%
AFSLÁTTUR



40%
AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY
59.980

VERÐ ÁÐUR: 99.980

RIALTO La-z-boy stóll. B:80
D:90 H:150 cm.



TUNGUSÓFI
149.980

VERÐ ÁÐUR: 219.980

OREGON tungusófi, svartur. Fæst með
vinstri og hægri tungu. B:243 D:90/150 H:82 cm.

30%
AFSLÁTTUR

NÝTT KORTATÍMABIL OPIÐ: virka daga 10 – 18 • Laugardaga 12 – 18 • Sunnudaga 13 – 17



HÚSGAGNAHÖLLIN

Í FULLUM
GANGI

ALVÖRU
AFSLÆTTIR

LA

SAKNA®
GRJÓNA
SEKKIR
30%
AFSLÁTTUR

50%
AFSLÁTTUR




2 SÆTA SÓFI

64.990

VERÐ ÁÐUR KR. 129.980

LIVORNO 2 sæta sófi. Elena svartur.
B:178 D:85 H:56 cm. Fæst einnig 3 sæta 74.990
verð áður: 149.980 B:194 D:85 H:56 cm.



SJÓNVARPSBORD
49.990

VERÐ ÁÐUR: 99.980

NEO sjónvarpsborð, háglans
hvítt. B:160 D:60 H:40 cm.

50%
AFSLÁTTUR



STÓLL
13.995

VERÐ ÁÐUR: 27.990

FUNKY borðstofustóll, eik og
hnota. Fæst einnig hvítur 9.495
verð áður: 18.990

50%
AFSLÁTTUR



STÓLL
6.999

VERÐ ÁÐUR: 29.980

BLOOM borðstofustóll,
fæst hvítur og svartur.

70%
AFSLÁTTUR

TAKMARKAÐ MAGN



70%
AFSLÁTTUR

BARSTÓLL
5.394

VERÐ ÁÐUR: 17.980

TEXAS barstóll. Fæst í hvítu
leðri. B:49,5 H:76/97,5 cm.

Lífið er ekki bara Icesave.

Góðar fréttir

SVANHILDUR HÓLM VALSDÓTTIR SKRIFAR

Það er auðvelt að missa sjónar á hinu góða og jákvæða, þegar flestar fréttir fjalla um bankasukk, spillingu, gjaldprot og himinháar skuldir Íslendinga við erlenda innstæðueigendur.

Það getur verið gott að minna sig á hið augljósa, að hér ríkir jú enn meiri velferð en víðast hvar, við eigum gott heilbrigðis- og menntakerfi og aðgangur að opinberri þjónustu eins og leikskólum er tiltölulega auðveldur. Þótt atvinnuleysi hafi aukist er það enn minna en í mörgum ríkjum ESB þar sem það fór í maí hæst í 18,7 prósent á Spáni.

Fólk hefur heldur ekki lagt árátt og ýmislegt lukkast, þótt stundum geti slíkar jákvæðar fréttir drukknar í umfjöllun um skuldastúpu og svínafleisu. En hvað skyldi hafa verið gott í fréttum undanfarna daga?

Frá því var til dæmis sagt á dögunum að lúxushótel á hálandinu gengi vel. Rétt hjá Hrauneyjafossvirkjun rekur Friðrik Pálsson ásamt fleirum Hótel Háland, í húsum sem áður hýstu starfsmenn en eru nú lúxushíbýli fólks sem sækir í frið og sérstaka náttúru, og er tilbúið að greiða allt að þrjátíu og fimm þúsund krónur fyrir gistinguna. Friðrik, sem rekur einnig Hótel Rangá, segir norðurljósin vera vænlega söluvöru erlendis og lætur engan bilbug á sér finna.

Íslendingar ferðast meira innanlands en áður og skilja eftir sig tekjur í stað þess að fljúga með þær beint úr landi á erlenda sólarströnd. Frétt um blómstrandi ferðaþjónustu á Vestfjörðum rímar við það, en þar stefnir í metár. Þriðjungi fleiri sóttu Vestfirði heim í júní í ár en árið 2008 og júlímánuður hefur þegar slegið öll met.

Saumastofur hafa gengið í endurnýjun lífdaga þar sem fleiri virðast láta gera við fót eða breyta þeim í stað þess að henda og kaupa ný. Að vísu hefur orðið einhver samdráttur í fataverslun en ýmsir sem fæddir eru fyrir miðja síðustu öld myndu líklega halda því fram að þeir yngri hefðu gott af að læra örliða nýtni.

Margir sjá tækifæri í makríltorfunum sem synt hafa inn í íslenska lögsögu, rétt eins og í olíuleit á Drekasvæðinu. Hvað aðra orkugjafa og fastari í hendi varðar, var notalegt að sjá í fréttum sagt frá því að virkjunin í Sigöldu hefði frá stofnun skilað um áttatíu milljörðum í þjóðarþjónu og væri talin geta skilað tveimur til þremur milljörðum á ári í kassann um ókomna tíð.

Samhugurinn er enn til, því í vesturbæ Reykjavíkur hefur vinafélagið Mímir hafið söfnun fyrir nýju fiskabúri í Vesturbæjarlaugina. Margir muna eftir gamla fiskabúrinu og sakna þess að geta staldrað við og skoðað litskrúðuga fiska. Einn forsprakka félagsins segir þetta vera afturhvarf til góðra gamalla gilda þar sem íbúar létu nærumhverfi sitt sig varða.

Það má líka fagna því að Ísland hlaut nýlega hæstu einkunn hjá evrópskum stýrihöpi fyrir barnaslysavarnir og gott að vita til þess að þrotlaus vinna að þeim hefur skilað árangri.

Það er nefnilega á ábyrgð okkar allra að koma börnum þessa lands til manns, í landi sem hefur margt að bjóða. Það er skuld sem er vert að greiða.



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Forsætisráðherra á að reyna til þrautar

Sköðun Alþingis á Icesave-samningnum hefur verið afar mikilvæg. Hún hefur dregið upp skýrari mynd en fyrir var um þrjú atriði. Eitt þeirra auðveldar framgang málsins en önnur gera það snúnara.

Í fyrsta lagi hafa komið fram lögfræðilegar röksemdir sérfræðinga í skiptarétti sem hníga að því að við gætum að öllu óbreyttu setið uppi með ríkari ábyrgð en á okkur hvílir í raun og veru. Þessi sjónarmið flækja málið.

Í þriðja lagi liggja nú fyrir gleggri upplýsingar um stöðu þjóðarbúsins. Þær valda verulegum efasemdum um að Ísland geti staðið við skuldbindingarnar.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Þá stöðu verður að taka með í reikninginn aður en málinu er lokað.

Hvað er til ráða? Athygli vakti að forsætisráðherra lét ekki reyna á samningsstöðu Íslands til þrautar í vor með því að taka samningana upp á borð forsætisráðherra landanna. Öllum má vera ljóst að forsætisráðherra hefur meiri þunga til að láta reyna á íslensk sjónarmið en embættismannanefnd. Engin ástæða er til að lasta hana eða formann hennar. Þetta er eðli samninga. Þeir eru færðir á efsta stig þegar nauðsyn krefur.

En með því að aldrei var reynt til þrautar er þetta úrræði eftir. Alþingi ætti því að réttu lagi að

fresta umfjöllun um málið um nokkrar vikur og fela forsætisráðherra að taka það upp við forsætisráðherra samningslandanna. Þegar jafn miklir hagsmunir eru í húfi er óverjandi að reyna ekki til hins ýtrasta með þeim þunga sem Ísland á mestan.

Ekki er sjálfgefið að slík tilraun skili jákvæðri niðurstöðu. Ótti við að hafa ekki erindi sem erfiði má hins vegar ekki hindra forsætisráðherra í að gegna skyldu sinni fyrir þjóðina í þessu orlagamáli. Fram til þessa hefur forsætisráðherra ekki axlað þær skyldur sem á honum hvíla í þessu efni.

Meiri reisin er óneitanlega yfir því að forsætisráðherra geri út um þau atriði sem efasemdum valda heldur en að Alþingi setji einhliða fyrirvara eða geri athugasemdir sem augljóslega eru haldlitlar þegar á reynir. Þingmenn semja einfaldlega ekki við sjálfa sig um lausn á milliríkjasamningi.

Klingjandi málmur og hvellandi bjalla

Forysta VG sætir vaxandi gagnrýni innan flokksins vegna afstöðunnar til umsóknar að Evrópusambandinu. Þegar afstaða Alþýðubandalagsins og síðar VG til grundvallaratriða í utanríkis- og varnarmálum er skoðuð í sögulegu samhengi kemur í ljós að í þessari afstöðu felst ekkert stílbrot.

Vissulega má segja að það sé ljóður á ráði stjórnmalaflokks að fórnarstærstu hugsjónamálum sínum fyrir ráðherrastóla. Sósíalístaflokkurinn rauf nýsköpunarstjórnina 1946 vegna ágreinings um hverdaradstöðu Bandaríkjanna. Þá meintu menn það sem þeir boðuðu og létu

stjórnarsamvinnu ráðast af því.

Á flokkstjórnarfundum í Sósíalístafloknum í desemberbyrjun 1958 sagði Jóhannes Stefánsson, einn nánasti samverkamaður Lúðvíks Jósefssonar, að herstöðvamálið væri algjört aukaatriði, kvað menn hafa litlar áhyggjur af því í Múla-sýslum og fáránlegt væri að setja slíkan hegóma á oddinn. Síðan hafa utanríkisþingmenn stefnuyfirlýsingar Sósíalístaflokksins, Alþýðubandalagsins og VG verið marklitlar og engin úrslitaáhrif haft á stjórnarsamvinnu.

Í ljósi þessarar áratuga hefðar er innanflokksgagnrýnin á forystu VG líkust klingjandi málm og hvellandi

bjöllu. Hitt er svo annað mál að ekki er víst að forystan hafi gefið eins mikið eftir á þessu stigi og virðist vera við fyrstu sýn. Með hæfilegri einföldun má segja að samkomulag stjórnarflokka gangi út á að Samfylkingin hefji sækja um aðild en VG megi beita sér fyrir því að aðildarsamningurinn verði felldur.

Að því gefnu að þetta sé rétt skilgreining á stöðunni hefur VG ekki fórnað eins miklu og ætlað er. Aðildarmálið er þar af leiðandi skemmra á veg komið en atkvæðagreiðslan segir til um. Sú óvissa getur verið í lagi innanbúðar í VG en er vond fyrir þjóðina og reyndar óviðunandi.

Skýrari skilaboð eru nauðsynleg

Aðild að Evrópusambandinu leysir tvö af þeim stefnumálum sem verið hafa á reiki um nokkra hríð. Annað snýst einfaldlega um það hvar Ísland ætla að skipa sér í sveit í alþjóðasamfélaginu. Hitt hverfist um framtíðarstefnu í peningamálum. Hvort tveggja lýtur að grundvallaratriðum í pólitík.

Það er forsenda fyrir farsælli stjórn landsmálanna að ríkisstjórn-

ir á hverjum tíma og einstakir stjórnmalaflokkar hafi skýra sýn á grundvallaratriði af þessu tagi. Atkvæðagreiðslan um Evrópusambandsmál skilur þessi tvö höfuðmál eftir í meiri óvissu en ásættanlegt er, geri menn á annað borð kröfur um festu og traust í stjórnmalum.

Með því að ríkisstjórnarflokkarnir eru algjörlega ósammála hefur ríkisstjórnin sem slík enga stefnu

þegar kemur að þessum lykilmálum um framtíð þjóðarinnar. Afstaða stjórnarandstöðuflokka var efnislega svo óljós að þeir skulda þjóðinni líka skýringar á stefnu þeirra í peningamálum og hvernig þeir ætla að tryggja utanríkispolítíska hagsmuni landsins til frambúðar.

Ríkisstjórnin og stjórnarandstöðuflokkarnir þurfa einfaldlega að senda skýrari skilaboð til fólksins í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Heimaey
Þjónustuver

TIL SÖLU

Glæsilegt skip sem vel hefur verið haldið við.

Um er að ræða m/b Ölduljón VE-509, sk.skr.nr. 6154 sem er trefjaplastbátur smíðaður árið 1980. Báturinn var mikið endurnýjaður árin 2002/2003 en 2003, var m.a. nýtt stýrihús endurnýjað. Árið 2002 voru settir oliutankar úr rustfríu stáli, einnig rekkverk, geimakassar úr rustfríu stáli.

Fylgihlutir:
2 stk. af stólararúllar fyrir 24 w
2 stk. DNG rúllar fyrir 24w
Radar
Dýptarmælir
Plotterar 2 stk.
Sjálfsstýring
VHF talstöð
Sjálfráttu stýringarskylda
Mælir á olíutöku
Gummibátur, 4ra manna
Slökkvíkerfi í vel
Brunavarnarkerfi

Nánari lýsing:
Skráð lengd: 8,59
Mesta lengd: 8,68
Breidd: 2,56
Dýpt: 1,21
Brútorúmmlestri: 5,04
Brúttótonni: 5,84
Vel Þekkas ágeð 2002

Ekkert áhvilandi

gh@heimaey.net • s. 481-1114 • www.heimaey.net

Verslaðu ódýrt!



HREFNUSTEIK
1.498 kr/kg

LAMBALÆRI Í POKA, FROSID

989 kr/kg

~~1.498~~ kr/kg

GÓÐI



34%
afsláttur



40%
afsláttur

GÓÐI

GRÍSAKÓTILETTUR, KRYDDAÐAR

1.199 kr/kg

~~1.998~~ kr/kg

HAMBORGARAR 2x175g

398 kr/pk.

~~568~~ kr/pk.



30%
afsláttur



30%
afsláttur

KJÓTSEL

GRILL GRÍSAFILLE

1.469 kr/kg

~~2.098~~ kr/kg



30%
afsláttur

MEXÍKÓ KJÚKLINGALEGGIR

489 kr/kg

~~699~~ kr/kg

ÓDÝRT

KÍNAKÁL

199 kr/kg

~~398~~ kr/kg



50%
afsláttur

26%
afsláttur



HYTOP SYKURPÚÐAR 283g

198 kr/pk.

~~268~~ kr/pk.



SUNLOLLY 10 í pk.

399 kr/pk.

PEPSI MAX 2l

119 kr/stk.



Birt með fyrirvara um prentvillur.

TILBOÐIN GILDA 23. - 26. JÚLÍ EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

www.netto.is

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

netto
SPARNADUR



ALGJÖR PARADÍS Gullna fjaran á Rauðasandi er sannkölluð náttúruperla. Eva María Jónsdóttir segir að fjaran sé eins og á sólarströnd. En það eru væntanlega ekki margar sólarstrendur með viðlíka útsýni; yfir sjálfan Snæfellsjökul.

Svipað og að vera á sólarströnd

Þegar Stefán Karlsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, átti leið um Rauðasand nýlega rakst hann þar á sjónvarpsdrottninguna **Evu Maríu Jónsdóttur** að uppvarta gesti lítils kaffihúss í Kirkjuhvammi. Eva María sagði **Gunnþóru Gunnarsdóttur** að hún hafi verið orðin svo þjökuð af inniveru að hún hafi flýtt sumarfríinu til að komast vestur.

Ég er búin að vera hér í viku og það hefur verið sól, hiti og léttur andvari allan tímann. Þetta er bara guðdómlegt,“ byrjar Eva María lýsingu sína á verunni á Rauðasandi við Breiðafjörð. „Svo er náttúrulega þessi gullni sandur hér fyrir augunum á mér allan daginn og ýmist Vaðallinn þegar flóð er eða votur sandurinn á fjöru,“ heldur hún áfram. „Þetta er mjög svipað og að vera við sólarströnd. Það passaði svo vel einn daginn að þegar vaktin var búin klukkan sex var háflóð, þá labbaði ég hér yfir veginn og út í sjó og tók þar nokkur sundtök. Alveg dásamlegt.“

Eva María kveðst ekki hafa ráðið sig á Rauðasandi í allt sumar. „Ég er að vinna á mínum stað, RÚV, en var orðin svo þjökuð af inniveru að ég hringdi hingað vestur og spurði hvort það vantaði ekki starfskraft í afleysingar – af því ég er nú gömul gengilbeina. Það vantaði akkúrat manneskju þessa viku, þá gat ég flýtt sumarleyfinu mínu aðeins og komist í útiloftið. Það er nefnilega pallur úti og þar er aðallega borið á borð þegar veðrið er svona gott. Ég gisti í litlu herbergi inn af kaffihúsinu og byrja bara strax að taka úr uppþvottavélinni þegar ég vakna á morgnana.“

Eva María segir ótrúlega mikið að gera í Kirkjuhvammi miðað við að staðurinn hafi lítið verið auglýstur. „Þetta kaffihús vill koma fólki á óvart enda finnst flestum sem koma hingað þeir vera að uppgötva eitthvað nýtt. En á þessum sex dögum sem ég hef dvalið hér eru gestirnir samt orðnir þúsund talsins. Síðasti laugardagur var metdagur í sögu hússins. Þá komu þrjú hundruð manns. Húsið er einmitt opið í 300 mínútur þannig að það var einn gestur á mínútu að jafnaði.“ Spurð hvort ættarmót hafi verið í sveitinni þá eða álíka viðburður svarar hún: „Nei, en göngu- eða rútuþópar hysja upp tölurnar. Í þeim

koma oft tugir manns saman og þá verður gríðarlega mikið stuð.“

Heitt súkkulaði, gott kaffi og gos í gleri eða vatn eru þeir drykkir sem gestir njóta í Kirkjuhvammi að sögn gengilbeinunnar og meðlætið er vöflur með sultu og rjóma, frönsk súkkulaðiterta og hveitikökur með reyktum silungi. „Þetta er kvalitetsmatseðill þótt hann sé ekki flókinn,“ segir Eva María og ber lof á hjónin sem reka kaffihúsið, Dröfn Árnadóttur og Einar Jónsson á Patreksfirði. „Þau eru frábær. Dröfn er rosa bakari og Einar er staðarhaldari hér og annast tjaldstæði líka. Svo er stelpa að vinna hér sem heitir Sigríður María Sigurðardóttir og býr á Melanesi, þannig að hér starfar líka fólk úr heimabyggð.“

Sjálftæðismaðurinn Kjartan Gunnarsson á Kirkjuhvamm sem var áður bóndabær og kaupfélagsverslun. „Hér bjuggu síðast þrjú systkini í kringum 1980. Þau sáu um verslunina sem var útibú frá Kaupfélaginu á Hvalskeri í Patreksfirði. Kjartan keypti jörðina fyrir nokkrum árum og gerði húsið fallega upp,“ lýsir Eva María. Hún segir Rauðasand fallega sveit og gróðursæla. „Hér er margt að sjá en ég hef ekki komist í það allt núna. Ég hef til dæmis ekki farið út að Sjöundá í þetta sinn en þangað hef ég komið og ég hef farið inn í Skor, hvaðan Eggert Ólafsson ýtti frá og dó. Þangað er talsverð ganga og leiðin er svolítið varhugaverð. Til vesturs er svo Látrabjarg og ég hef farið eins langt þangað og komist verður.“

Bak við Evu Maríu heyrir barn raula og því er hún spurð hvort hún sé með ungana með sér. „Já, nú ára dóttir mín, Matthildur, var hér með mér sem starfsmaður í þjálfun en þau yngri komu í gær. Nú er ég eiginlega að ljúka mínum vöktum og er að fara í sumarfrí með börnunum. Þau eru hingað komin að sækja mig.“

gun@frettabladid.is



MÆDGURNAR „Matthildur var hér starfsmaður í þjálfun,“ segir Eva María um dótturina Matthildi Huldu Óskarsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



KIRKJUHVAMMUR Kaffihúsið sem vill koma fólki á óvart.



RAUÐISANDUR Hinn gullni litur fjörunnar setur sterkan svip á umhverfið.

Brúðkaupsgjafir 2009

epal

GEORG JENSEN



Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

ÚRVAL AF
VEGGKLUKKUM



HEIMA HÚSIÐ mood heima

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 Rey., Sími 568 4242
www.heimahusid.is

Tilvalin brúðargjöf



IKEA 365+ pottasett 9.990,-/7 í setti
Fyrir allar gerðir af hellum. Inniheldur: Pott m/loki 5L, pott m/loki 3L, skaffpott m/loki 1L og teflonhúðaða steikarpönnu Ø28cm. Ryðfritt stál

Gjafakort **IKEA**

Er erfitt að velja gjöf?
Af hverju ekki að gefa gjafakort - upphæð að eigin vali!


IKEA
www.IKEA.is

lif&list SMÁRALIND S: 544-2140



GEORG JENSEN

Tilvalin brúðargjöf



IKEA 365+ IVRIG glerglös
Rauðvínsglös 495,-/stk. 48cl.
Hvítvínsglös 495,-/stk. 26cl.

Gjafakort **IKEA**

Er erfitt að velja gjöf?
Af hverju ekki að gefa gjafakort - upphæð að eigin vali!

IKEA
www.IKEA.is

stelton

epal



Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

lifum HÖSGÖGN & GJAFAVARA

Úrval brúðkaupsgjafa



OPIÐ VIRKA DAGA 11-18, LAUGARDAGA 11-16
ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - 562 4242

KitchenAid

Sérstök brúðkaupsgjöf

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum með hverri hrærivél

Mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabíl

Saeco



Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

FALLEGAR KLUKKUR

TIL BRÚÐKAUPSGJAFNA FÁST Í MIKLU ÚRVALI Í SALTFÉLAGINU, HALLARMÚLA 4

Nextime Plug inn - svört

Nextime Plug inn - silfrúð

Cucù clock - gauksklukka

SALT FÉLAGIÐ
HEIMILID ER HEILAÐ

Fáðu nánari upplýsingar í S: 540-2030 eða kíktu inn á www.saltfelagid.is

SUMARHÁTÍÐ

Í tilefni þess að A4 opnar stórglæsilega verslun á Smáratorgi bjóða verslanir Smáratorgs uppá helgartilboð. Verslunin A4 mun standa fyrir margs konar leikjum og skemmtunum fyrir alla fjölskylduna.

Office fjölnotaþappír
299 kr búntið



Aðeins í dag.
 Hámark einn kassi á mann.

Vostro A860 fartölva
 Intel Celeron 560 örgjörvi
Tilboðsverð 109.990 kr.
 Aðeins 30 stk.



A4

50% afsláttur af STORK
garni frá Dale



20% afsláttur af
skólatöskum
- aðeins í dag!



SPRELL

Það verður sannkölluð tívolístemning á planinu framan við Smáratorg. Hringekja, hoppukastali og fleiri skemmtileg leiktæki.

30 miðar á aðeins **2.000** krónur um helgina.



STA SETNING



VERKFÆRALAGERINN

Garðverkfæri
10% helgarafsláttur.



LYFJA

Vertu skarpari með
Efalex
Animal Parade
krakkavítamín
Kynning laugardag kl. 14-18
25% afsláttur
um helgina

BAKARAMEISTARINN



Banarúlluterta

790
kr. stk.

250
kr. parið

Svali

Snúður & Svali

HEILSUHÚSI

Vita Verde
lífrænir ávaxtasafar

25% afsláttur
um helgina

Kynning laugardag kl. 14-18

LYFJA

20% afsláttur
á snyrtivörum
um helgina



VERKFÆRALAGERINN

10% helgarafsláttur
af listmálunarvörum;
strigar, penslar,
trönur, litir o.fl.



RÚMFATALAGERINN

Merkur tjald
Verð áður 5.890 kr.
Nú aðeins 4.990 kr.



FOOD STATION

Grillpinnar
400 kr. / stk





VINGJARNLEGT DÝR Bryndís og Sonja með fullvaxta tígrisdýri, en keðja er fest um háls dýrsins.

Í sjálfboðavinnu með tígrisdýrum

Sonja Hrund Steinarsdóttir og **Bryndís Hjálmarsdóttir** unnu í nokkrar vikur í tígrisdýragarði í Taílandi. Þær segja dvöl sína hafa verið mikla upplifun og svo hrifnar voru þær af Taílandi að ferðin var lengd um tíu daga. **Alma Guðmundsdóttir** sló á þráðinn til Taílands og ræddi við stúlkurnar sem kynntust fyrst fyrir alvöru í flugvélinni á leiðinni þangað.

Undanfarnar vikur hafa Bryndís Hjálmarsdóttir og Sonja Hrund Steinarsdóttir unnið sem sjálfboðaliðar í tígrisdýragarðinum Tiger temple í Taílandi. „Ég var búin að sjá þátt um þennan stað á Animal Planet fyrir nokkrum árum og langaði alltaf til að fara. Vinur minn í London kynnti mig svo fyrir vinkonu sinni sem var að fara þangað og skömmu eftir að ég komst í samband við hana ákvað ég að skrá mig í flýti. Við kynntumst svo bara í fluginu og náðum strax mjög vel saman,“ segir Bryndís.

„Tiger temple er munkaklaustur og þar er garður með tæplega fimmtíu tígrisdýrum og fjöldi villtra dýra er þar líka, svo sem hestar, svín, dádýr og fyrir utan kofann sem við bjuggum í voru villigeitur. Ferðamenn geta heimsótt garðinn, en taílensku starfsmennirnir kunna mjög litla ensku svo þeir fá sjálfboðaliða til að leiðbeina ferðamönnum. Við sáum líka um ungt tígrisdýr og vöknudum klukkan sjö á morgnana til að sækja sjö mánada tígrisdýr sem við gengum með í ól þvert yfir garðinn, að musterinu þar sem við borðuðum morgunmat með munkunum og starfslíðinu, en á svæðinu búa um tuttugu búddamunkar,“ útskýrir Bryndís. „Við festum dýrin á meðan við borðuðum, en morgunverðurinn var svona hlaðborð af alls konar taílenskum mat sem er gefinn af fólki í nágrenninu því munkarnir mega ekki kaupa mat. Það var mjög áhugavert að borða eitthvað sem maður hafði ekki hugmynd um hvað var og fá kannski rosalega sterkt karrý klukkan átta um morgun,“ segir hún og hlær. „Eftir morgunmatinn fórum við með yngstu hvolpana sem eru þriggja mánaða, gáfum þeim mjólk og böðudum þá, en þar sem þeir sofa í



Ef maður snýr baki í þá stökkva þeir strax á mann því það er í eðli þeirra að ráðast á bráðina aftan frá.



búrum en ekki úti í náttúrunni verður feldurinn svo skítugur að við böðuðum þá daglega,“ bætir hún við.

Ala upp tígrishvolpa

Aðspurð segir Bryndís að veiðieðli tígrisdýranna sé mismikið milli dýra. „Hvolparnir eru hjá móðurinni þar til þeir eru þriggja vikna, en eru svo vandir frá þeim smám saman því ef þeir eru lengur er erfiðara að venja þá við að vera í kringum fólk,“ útskýrir Bryndís. „Hvolparnir bíta samt alveg og klóra og ef maður snýr baki í þá stökkva þeir strax á mann því það er í eðli þeirra að ráðast á bráðina aftan frá. Þeir eru samt enn þá það litlir að við ráðum alveg við þá. Það er mjög gaman að ala upp litla unga því eftir smá tíma eru þeir búnir að læra að manneskjur eru þær sem gefa þeim að borða, leika við þá og þeir hafa enga ástæðu til að ráðast á okkur. Þegar þeir eru vanir mönnum er hægt að sitja með þá í kjöltunni,“ segir Bryndís.

„Það fá samt ekki öll tígrisdýrin að fara út úr búrunum sínum því sum þeirra eru of villt til að geta verið með fólki, en til þess að gera þeim lífið bæri-legra fórum við með gras og fleira til þeirra til að befa af til tilbreytingar. Nú er byrjað að byggja garð sem heitir Tiger island, þar sem villtu dýrin geta hlaupið um frjáls. Ég hef lesið um að það séu fleiri tígrisdýr í haldi í heiminum en ganga villt í náttúrunni því þau eru svo verðmæt fyrir veiðipjófa. Staður sem þessi er því mjög góður og öruggur fyrir þau.“

Ferðast um Suður-Taíland

Bryndís er 22 ára og búsett í London þar sem hún hefur lokið fyrsta ári í námi í almannatengslum, en Sonja Hrund, sem er 23 ára, er í dýralæknanámi í Danmörku. Eftir rúmlega tveggja vikna



Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP Um tuttugu búddamunkar búa í Tiger temple, en hér má sjá tvo þeirra með tígrishvolpa.

dvöl í Tiger temple ákvaðu Bryndís og Sonja Hrund að leggja land undir fót og ferðast um Suður-Taíland með norskrir stelpu sem þær höfðu kynnt. „Það var nóg af sjálfboðaliðum svo við fórum til Kanchanaburi þar sem við höfðum kynnt fólk. Þaðan fórum við svo til Bangkok þar sem við gistum eina nótt, héldum til Krapi og síðan yfir á eyjuna Phi Phi þar sem við erum staddir núna,“ útskýrir Bryndís og segir náttúruferðina einstaka. „Við gistum á gistiheimili og tókum bara ferju, rútu eða hvað sem hentar hverju sinni til að komast á milli staða. Við ætluðum að koma heim 1. ágúst en erum búnar að lengja ferðina um tíu daga því okkur langar að vera sem lengst,“ segir Bryndís.

KRÚTTLEGUR Sonja Hrund heldur á nokkurra mánaða tígrishvolpi.





LENGRI LÍFDAGAR

Nokkur góð og einföld ráð til að láta afskorin blóm endast betur.

SÍÐA 6



LÉTTMETI BEST

Gunnar Björn Guðmundsson mælir með disk Ljótu hálfvitanna í ferðalagið.

SÍÐA 2



● MATUR

Boðið til grillveislu

● HEIMILI

Borðbúnaður og skraut

● BÆNDAGISTING

Á HRÍFUNESI

Laðar til sín erlenda ljósmyndara

FRÉTTABLAÐIÐ

Yfir 30 gerðir vandaðra grilla frá Þýskalandi

Grillbúðin

www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400



27.900
FULLT VERÐ
29.900



Gas-hella
74.900
FULLT VERÐ
89.900

20
kw/h



114.900
FULLT VERÐ
129.900

17,6
kw/h

LANDMANN

Opið laugardag til kl. 14



SUMAR
MARTA MARÍA FRÍÐRIKSDÓTTIR

Sumarkvöld í stúkunni

Sólböð, sundferðir, spjall á kaffihúsum eða í kvöldmatarboðum og sumarbústaðaferðir eru stikkorð sem ég myndi nota til að lýsa sumrinu mínu. Þessi samsetning gæti við fyrstu sýn tilheyrt sumri marga Íslendinga. Eitt atriði virðist vanta á listann til að fullkomna og gera hann svipaðan upptalningu svo margra annarra. Það eru íþróttirnar sem sumir tengja sérstaklega sumrinu. Úr þessum skorti bætti ég í vikunni.

Ég fékk símtal frá vinkonu minni seinnipart dags og hún bað mig að koma með sér á fótboltaleik í þriðja flokki en sextán ára bróðir hennar var að keppa. Ég var heldur treg til því að ég er ekki ein af

„Tveir leikmenn „míns liðs“ voru reknir út af og við það trylltust foreldramir...“

þeim sem finnst fótbolti ómissandi. Mér finnst þetta vera íþrótt þar sem fólk hleypur fram og aftur, eltandi svarthvítan bolta á velli með línunum. Kannski tengist það því að ég hef aldrei getað spilað fótbolta.

Ég lét þó til leiðast og lengdi sumarlistann minn og gerði hann líkari upptalningu margra annarra. Eins og fram hefur komið hef ég ekki verið dugleg við að sækja fótboltaleiki og fór þess vegna í léttum sumarfötum á leikinn. Sú ákvörðun er ekki sú besta sem ég hef tekið því það blés allan tímann og mér var orðið kalt eftir eins og hálf tíma setu.

Þá að leiknum. Hann fór rólega af stað og ég komst að því að áhorfendurnir voru ansi skemmtilegir. Ég fann út að maðurinn sem sat fyrir aftan mig átti son í sókninni, sonur hjónanna fyrir framan mig var í óvinaliðinu og vinur krakkanna í sætaröðinni minni var góður. Áhorfendur fylgdust spennir með.

Seinni hálfleikur byrjaði líkt og sá fyrri, rólega. „Liðið mitt“ gleymdist þó inni í búningsklefa að mati þjálfarans og þegar það loksins mætti til leiks var eins og æði rynni á áhangendur liðanna. Tveir leikmenn „míns liðs“ voru reknir út af og við það trylltust foreldrarinn sem að sjálfsögðu skiptust í tvo hópa í stuðningi við þessa ákvörðun dómarsins. Setningar eins og: sest þú bara niður, var svarað með orðunum: já, þegiðu líka. Ég hef heyrt af foreldrum á íþróttaleikjum en þetta var ekkert í líkingu við það sem ég ímyndaði mér.

Ég held að ég láti þessa stuttu reynslu mína í stúkunni vera þá síðustu í sumar og snúi mér aftur að sundferðum, sólböðum og sumarbústaðaferðum.



● Forsíðumynd: Pjetur Sigurðsson Útgáfufélag: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000
Ritstjórn: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is Auglýsingar: Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 Útlitshönnuður: Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



Sveitastíllinn er allsráðandi í eldhúsinu. Fleiri myndir eru á www.hrifunes.com.

MYND/HAUKUR SNORRASON

Hús með nýtt hlutverk

● Hrifunes í Skaftártungu var eitt sinn í þjóðbraut en hefur á seinni árum orðið friðsæll dvalarstaður sumarhúsaeygenda og ferðafólks. Gamla samkomuhúsið hefur breyst í hlýlegt hreiður.

Veitinga- og samkomuhús sem byggt var í Hrifunesi 1947 hefur gerbreytt um svip. Haukur Snorrason, ljósmyndari og leiðsögumaður, og Hadda Björk Gísladóttir sviðsstjóri hafa gert það upp af mikilli natni til að eiga þar af-drep. Þau bjóða líka upp á ból og bita sem á ensku útleggst bed and breakfast.

Segja má að húsið, sem áður hýsti veitingasölu og mannfagnaði íbúanna í Skaftártungu, sé orðið að miðstöð fyrir ljósmyndara frá öllum heimshornum því þau hjón vinna að því að laða þá til landsins og veita þeim leiðsögn, fæði og gistingu. „Erlendir ljósmyndarar sækja í miklum mæli til Íslands og við setjum upp vikufærðir fyrir þá um íslenska náttúru enda er stutt frá Hrifunesi í margar helstu náttúruperlur landsins.“ segir Haukur.

Í Hrifunesi er líka gisting í öðru húsi sem sjá má á www.hrifunes.is husid og hlýlegt tjaldstæði, umvafið þéttvöxnum birkiskógi. -gun



Við fengum við aðstoð fagmanna við endurgerð hússins,“ segir Hadda Björk.



Snerillinn er forngripur.



Gamla veitinga- og samkomuhúsið var byggt 1947.



Blátært lindarvatnið bunar úr krananum í eldhúsinu.

Í FERÐALAGIÐ

Viðundur, lúðar og hálfvitar



Ekki verður annað sagt en að Gunnar Björn Guðmundsson leikstjóri hafa fjölbreyttan kvikmyndasmekk. Grínmyndir og evrópskar myndir eru í mestu uppáhaldi og því kemur ekki á óvart þegar hann segðist helst taka sjónvarpsþættina Freaks and Geeks í sumarbústaðinn. „Þetta eru þættir í anda Wonder Years nema dramatískari,“ upplýsir hann. „Aðalpersónurnar eru systkini sem hefja nám í nýjum framhaldsskóla og hvernig þau aðlagast umhverfinu, hún vingast við fríkin og hann lúðana. Þarna sér maður marga af helstu leikurum yngri kynslóðarinnar stíga sín fyrstu skref.“

Þegar umræðuefnið berst að tónlist segir Gunnar að íslensk tónlist yrði fyrir valinu. Þessa stundina heilla Ljótú hálfvitarir mest. „Ég er algjör aðdáandi, enda eru strákarnir rosalega skemmtilegir.“ Ekki fer hins vegar mikið fyrir léttmetinu þegar hann er inntur eftir því hvaða bók hann hefði með sér. „Ilmurinn. Tvímælalaust. Það er eitthvað svo brjál- að við hana og þælingarnar með lykt. Svo fær maður einhverja sérkennilega samúð með illmenninu.“



ego dekor

Leðursófasett 503
Fáanlegt í svörtu leðri
3ja sæta

Verð: 159.000,-

Stóll
Verð: 78.000,-



ROMEO leðurtungusófi
Stærð: 285X165
Fáanlegur í svörtu leðri

Verð: 289.000,-



ARAN leðurtungusófi
Fáanlegur í svörtu leðri
Stærð: 275X175

Verð: 235.000,-



VISION leðursófasett
Fáanlegt í svörtu og hvítu leðri
3ja sæta

Verð: 169.000,-

Stóll
Verð: 85.000,-



MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM SÓFUM

COMFORT sófasett

2ja sæta

Verð áður:

112.000,-

Verð nú:

89.600,-

3ja sæta

Verð áður:

123.000,-

Verð nú:

98.400,-



-20%

ROCKPORT
tungusófi

Fáanlegur í 2 litum

Stærð: 320X165

Verð áður:

249.000,-

Verð nú:

199.200,-



-20%

MOON tungusófi

Stærð: 295cmX162cm

Eingöngu fáanlegur

í ljósum lit

Verð áður:

215.000,-

Verð nú:

172.000,-



EAST COAST
tungusófi

Fáanlegur í 2 litum

Stærð: 260X180

Verð:

187.000,-

LUND tungusófi

Stærð: 232X160

Verð:

158.000,-



-25%

MORRIS tungusófi

Stærð: 260cmX180cm

Microfiber áklæði

Fáanlegur í tveimur litum

Verð áður: 209.000,-

Verð nú:

156.750,-



drykkir



Kívíkrapís (sorbet)

400 g þroskuð kíví
125 g sykur
½ dl vatn
1 tsk. sítrónusafi

Sítrónusafi, sykur og vatn er hitað í potti og látið krauma þar til sykurinn er bráðnaður. Ávextirnir eru marðir eða hakkaðir og blandað saman við sykurlöginn. Blandan sett í álþakka eða skál og þaðan í frysti en gott er að hræra í af og til. Það fer svo vel að færa krapið upp á fat með ís-skeið og móta þannig fallegar kúlur.

Í íslenskum sveppamó

Villisveppir frá Miðhúsum á Fljótsdalshéraði eru væntanlegir á markað áður en langt um líður. Edda Björnsdóttir húsfreyja kveðst hafa gert tilraunir með þá í fyrri sem hafi tekist vel. „Ég tindi lerkí-, furu- og kóngasveppi og verkaði þá á þrennan hátt, þurrkaði þá, frysti ferska og setti þá í lög. Ég er ákveðin í að gera meira af þessu í haust og er búin að innrétta sérstaka álmu undir framleiðsluna. Við vorum að flísaleggja og erum rétt að klára. Þá er eftir að fá starfsleyfið.“

Edda er með fleira í takinu. „Ég geng mikið og hef alla tíð haft áhuga á jurtum enda er flóran fjölskrúðug í kringum mig. Nú hef ég keypt mér þurrkáp og er að þurrka jurtir fyrir SagaMedica,“ upplýsir hún. Auk þessa stendur hún að listmunagerðinni Eik á Miðhúsum með manni sínum, Hlyni Halldórssyni, og syninum Fjölni, sem fyrir löngu er landsþekkt enda hefur hún verið við lýði frá 1972. „Við vinnum hér úr íslenskum viði, beini og hornum,“ segir Edda. „Allt frá skarti upp í kirkjugripi.“ - gun



Flóran er fjölskrúðug.



Skál í boðinu! Gestirnir í grillveislu Bautans léku við hvern sinn fingur í blíðunni enda fátt sem toppar góða grillveislu að sumri.

Grillveisla að hæ

Veðrið hefur verið með ágætu móti í sumar og þegar vel viðrar er tilvalið að draga fram grillið og töfra fram gómsæta grillrétti fyrir vini sína og vandamenn. Guðrún Hrönn Guðmundsdóttir, kokkur á Bautanum, útbjó fyrirtaks grillveislu sem hægt er að njóta.

„Auk þess að vera veitingastaður með fjölbreyttan matseðil þá býður Bautinn upp á grillþjónustu fyrir ýmiss konar veislur og mót. Þá förum við með grillvagninn og sjáum um grillveislur fyrir hópa. Í boði er allt mögulegt: kjöt, fiskur, kjúklingur, salöt, sósur og

fleira,“ segir Guðrún Hrönn Guðmundsdóttir, kokkur á Bautanum á Akureyri, en hún töfraði fram einfalda en jafnframt gómsæta grillveislu fyrir norðan nú á dögnum.

Grillþjónusta Bautans er hugsuð fyrir stærri veislur, tutugu

manna og upp úr. „Við erum nýbúin að halda grillveislu fyrir 350 manns þannig það er allt í þessu,“ segir Guðrún Hrönn og brosir. „Við erum liðleg og til í allt hér á Bautanum.“ Grillþjónustan er einkar vinsæl á sumrin enda hefur veðrið leikið við landsmenn.

SÓLSKINSGRILL FRÁ BAUTANUM fyrir 6 manns



Spjót með folaldafilet

1 kg folaldafilet
Kryddlögur
½ dl olía
½ dl sojasósa (Kikkoman)
½ dl púðursykur
½ rauður chilipipar, fínt saxaður og steinalaus

Skerið kjötið í litla bita og marinerið í kryddlegi í 20 mínútur.



Spjót með kjúklinga-bringu

1 kg kjúklingur
Kryddlögur
2 dl BBQ sósa
½ dl hunang

Skerið kjúkling í hæfilega stóra bita og þræðið upp á grillpinna. Penslið kjúklinginn með BBQ-sósu rétt áður en hann er tilbúinn á grillinu.



Grænmetisþjót

1 kúrbítur
5 sveppir
2 rauðlaukar
1 rauð paprika

Skerið grænmetið í jafna bita, þræðið upp á grillpinna og penslið með olíu. Kryddið með salti og pipar.



Lefsur að hætti vinkonu

400 g hveiti
3 msk. síróp
Um ½ l súrmjólk
1 tsk. hjartarsalt

Hrærið létt saman. Mökukur á stærð við lunnur með ólífuolíu og grillið út á hvorri hlið. Go

...flísar...parket
teppi...dúkar...

Allt á gólfíð á góðu verði !

ALFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755



HÍÐ ÁRLEGA STRANDHANDBOLTAMÓT fer fram í Nauthólsvík í dag. Alls taka 20 lið þátt eða um það bil 200 keppendur. Mótið hefst klukkan 10 og verður spilað allt til 19.30 þegar úrslitaleikurinn verður háður.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



564 6464
Stórhöfða 33 - 110 Reykjavík
hof@hofid.is - www.hofid.is

Guðm. Björn Steinþórsson,
lögg. fasteignasali

- Er með kaupanda að góðum **sumarbústað** á suðurlandi, verðbil 10-15 millj.
- Er með kaupanda að vönduðu 90-150 fm **sumarhúsi** tilbúnu til flutnings
- Er með kaupanda að rúmgóðri **lúxusíbúð** í póstnúmeri 108, bein kaup eða skipti á mikið uppgerðu raðhúsi í sama hverfi.
- Er með kaupanda að nýju **raðh / parh.** upp við Elliðavatn í skiptum fyrir 160 fm hæð ásamt bílskúr (tvíbýli) í Smábúðahverfinu og eða einbýlishúsi í Ólafsvík
- Til sölu **einkahlutafélag** sem á og rekur tísku verlanir í Kringlunni og Smáralind



Í fyrra voru taldir 1.124 selir og hlakkar Hrafnhildur til að vita hversu margir selirnir verða í ár.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Telur seli með aðstoð vaskra sjálfbóðaliða

Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir mun ásamt sjálfbóðaliðum þræða innanverðan Húnaflóann og reyna að koma auga á sem flesta seli á morgun en þá fer selatalningin mikla við Vatnsnes og Heggstaðanes fram. Þar eru talin vera ein aðgengilegustu látur og bestu selaskoðunarstaðir í Norður-Evrópu.

Í Húnaþingi vestra verður mikið um að vera um helgina og er Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir, framkvæmdastjóri Selaseturs Íslands, ein þeirra sem mun eiga sérstaklega annríkt.

„Á sunnudag fer selatalningin mikla fram í þriðja skipti en með henni reynum við að átta okkur á því hversu stór selastofnin við Vatnsnes og Heggstaðanes er. Í fyrra töldum við 1.124 seli en þetta eru talin vera ein aðgengilegustu sellátur og bestu selaskoðunarstaðir í Norður-Evrópu. Það fer þó mikið eftir veðri hversu margir selir eru sjáanlegir en þeir eru svolítið eins og mannfólkið og liggja uppi í sól,“ útskýrir Hrafnhildur en talið verður á háfjöru.

Í fyrra tóku tæplega fimm-tíu manns þátt í talningunni og

á Hrafnhildur von á öðrum eins fjölda á morgun. Sjálfbóðaliðar mæta í Selasetrið klukkan 14.30 og fá leiðbeiningar um hvernig talningunni skuli háttáð. Talningasvæðið hefur verið stækkað frá því í fyrra og er nú ríflega 100 kílómetrar en hver og einn fær úthlutað ákveðnu svæði sem búið er að merkja.“

Allir eru velkomnir í talninguna og er hún tilvalin fyrir hressa og fótfráa sjálfbóðaliða á öllum aldri. Margir taka fjölskylduna með og njóta húnvetnskrar náttúru til hins ýtrasta en að talningu lokinni fær fólk hressingu og viðurkenningskjál. „Við erum mjög ánægð með hversu margir leggja okkur lið enda gætum við starfsmenn Selasetursins, sem erum sjö talsins, aldrei framkvæmt talninguna upp á eigin spýtur, en

rannsóknardeild setursins heldur utan um talninguna með mér.“

Fleira verður um að vera í setrinu á morgun en þá verða opnaðar tvær listasýningar. Önnur er á verkum graffiklistakonunnar Elvu Hreiðarsdóttur en hin á verkum textillistakonunnar Hrafnhildar Sigurðardóttur en ávallt eru gestasýningar í setrinu á sumrin. „Auk þess höldum við úti fræðslusýningu um seli við Ísland,“ segir Hrafnhildur.

Þá stendur unglístahtíðin Eldur í Húnaþingi sem hæst og ætla Hrafnhildur ekki að láta sig vanta á viðburði hennar. „Eins hugsa ég að ég líti við á sveitamarkaðinum á Laugarbakka sem er haldinn um hverja helgi í sumar en þar er hægt að kaupa alls konar handverk og mat beint frá býli.“

vera@frettabladid.is

VEIÐIKORTIÐ

31 vatnasvæði vítt og breitt um landið fyrir aðeins 6000 krónur

Þú ákveður svo hvar og hvenær þú veiðir



Hver segir að það sé dýrt að veiða?

veidikortid.is

Handbók með ítarlegum upplýsingum og veiðikortum fylgir. Fæst hjá N1, í veiðivöruslunum og á www.veidikortid.is

TUDOR frístundarafgeymir

CTEK hleðslutæki

= Rafmagnað frí... ár eftir ár

Mesta úrval landsins af rafgeymum fyrir húsbíla, hjólhýsi og fellihýsi

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is
opið virka daga frá 8:15 - 17:30

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA / LEIGUMIÐLUN

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Öldugata HF 4ra herbergja.

ATH LÆKKAD VERÐ

Nýkomin sérlega skemmtileg 88 fm 4ra herbergja íbúð á þessum vinsæla stað. Eignin hefur verið talsvert endurnýjuð, m.a. nýlegt eldhús og gólfefni. Mjög góð staðsetning í næsta nágrenni við skóla. ATH LÆKKAD VERÐ 18,5 millj.

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

HÆLGIN

MÆRUDAGAR standa nú yfir á Húsavík. Áhersla er lögð á fjölskylduvæna dagskrá þar sem ungir og alnir fá að njóta sín. Hafnarmarkaður, myndlistarsýning og dansleikir eru á meðal þess sem er í boði.



Búist er við harðri viðureign í þriðju umferð motocross.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Búist við hörkukeppni

Kept verður í motocrossi á Álfsnesi í dag.

Þriðja umferð Íslandsmeistararamótsins í motocross fer fram á keppnissvæði Vélhjólafélagssins í Álfsnesi í dag.

Hátt í hundrað keppendur eru skráðir til leiks í sex mismunandi flokkum. Búast má við hörkukeppni því eins og fram kom í annari umferð hafa margir bætt sig frá því í fyrra og baráttan nú harðari en áður. Í öflugasta flokknum verður eflaust hörð viðureign enda

fremstu öikumenn landsins skráðir til leiks og fjöldi nýrra öikumanna sem láta að sér kveða.

Keppni í kvenna- og yngri flokkum hefst klukkan 12 og í opnum flokki klukkan 14.

Þess má geta að leiðin á Álfsnes frá Reykjavík liggur í gegnum Mosfellsbæ, beygt er til vinstri stuttu eftir að komið er fram hjá nýjasta íbúðarhverfinu áður en ekið er inn í Kollafjörð, sama afleggjara og liggur í sorpurðunarstöðina.

Nánar á www.motocross.is.

Som dam-keppni á Taílendingamóti í Grindavík

Taílendingamót verður endurvakið í dag og fer fram í Grindavík en Taílensk-Íslenska félagið stendur fyrir mótinu. Ýmislegt er á dagskrá, til dæmis som dam-keppni. Fimm ár eru liðin frá síðasta Taílendingamóti.

„Okkur í Taílensk-Íslenska félaginu langaði til þess að halda mót fyrir Taílendinga svipað ættarmótum Íslendinga,“ segir Phetchada Khongchumchuen, formaður Taílensk-Íslenska félagsins, um Taílendingamót sem endurvakið verður í dag í Grindavík en það var haldið einu sinni fyrir fimm árum.

„Taílendinga langar til að skemmta sér með fjölskyldunni, öðrum Taílendingum og Íslendingum giftum Taílendingum,“ segir Phetchada sem býður þó alla velkomna á mótið. „Taílendingamótið er hugsað fyrir fjölskyldur, vini og vinkonur, fólk úr Reykjavík, Grindavík og af öllu landinu.“

Skipulagning mótsins hófst í vor og Phetchada segist renna nokkuð blint í sjóinn með fjölda mótsgesta. „Það gætu komið svona sextíu til sjötíu manns. Ég sendi bréf til Taílendinga og svo kynnti ég þetta aðeins á íslensku líka,“ upplýsir hún.

Dagskrá mótsins hefst klukkan ellefu þegar Saltfiskssetrið í Grindavík verður skoðað. „Svo verður spilaður fótbolti, farið í ratleik, hellaskoðun og karóki.“

Á dagskránni er einnig som dam-salatkeppni þar sem fólk mætir og



Phetchada býður alla velkomna á Taílendingamótið í Grindavík í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

gerir som dam-salat sem þekkt er í taílenskri matargerð. „Og kannski verður dansað með salatgerðinni. Vinningshafinn fær 10.000 krónur. Í som dam-salati er papaja-ávöxtur, tómatar, chilipipar og fisksósa sett saman. Ef Taílendingar fá ekki papaja nota þeir stundum rófur,“ útskýrir Phetchada en að hennar sögn finnst útlendingum som dam-salat oft vera mjög sterkt.

„Klukkan fimm munu svo allir borða saman,“ segir Phetchada en á boðstólum verður taílenskur matur. „Þar verður boðið upp á grillað svínakjöt og svínabollur, djúpsteiktur rækjur, núðlur og vorrúllur, som dam og hrísgrjón.“ Eftir matinn mun taílensk hljómsveit troða upp. „Þá munu allir dansa og skemmta sér saman.“

martaf@frettabladid.is

Sumartilboð NINGS

Frábærir vinningar alla föstudaga í sumar!

Sumartilboð

Djúpsteiktur rækjur með súrsætri sósu
Heimalagaðar vorrúllur með grænmeti
Kjúklingur og grænmeti með pandasósu
Stökkt svínakjöt „Thai Sesam“
ásamt hrísgrjónum og soya.

krónur **2790** fyrir tvo
krónur **1395** á mann

ATH! SUMARTILBOD ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI

Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni

15.000 kr. matarkarfa frá Bónus, 3 mánaða kort í World Class, 10.000 kr. bensín úttekt frá Olís, gos frá Ölgerðinni, Tempur heilsukodda frá Betra bak, frítt í Laugarásbíó í allt sumar og frítt frelsi frá Tal í allt sumar.



NINGS

SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI: 588 9899

NINGS
...og kroppurinn blómstrar

Íris Arna Geirsdóttir
Íslandsmeistari í Model fitness
elskar heilsurétti Nings

Sími 588 9899
www.nings.is



KÓPAVOGSBÆR

SNÆLANDSSKÓLI

Smiðakennari óskast til starfa vegna forfalla, veturinn 2009 – 2010.
Um er að ræða 100% starf.

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og KÍ.

Nánari upplýsingar gefur skólastjóri í síma 863 4911.
Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

[www.kopavogur.is job.is](http://www.kopavogur.is/job.is)

Starfsmenn vantar í Egilshöllina

Rekstrarfélagið Fossaleyni 1 ehf. auglýsir eftir starfsmönnum til starfa í knattspyrnuhúsi Egilshallarinnar. Unnið er á vöktum.

Nánari upplýsingar veitir Steinunn í síma 771-8600.
Hægt er að sækja um starf á netfangi egilsholl@gmail.com



Frístund – lengd viðvera grunnskólabarna á Álftanesi

Starfsfólk óskast til gæslustarfa í Frístund, um er að ræða hlutastörf eftir hádegi.

Starfið felst í gæslu og vinnu með yngstu nemendum Álftanesskóla.

Frístund er rekin undir velferðar- og skólasviði og er til húsa í nýju og glæsilegu húsnæði sem samnýtt er með Álftanesskóla.

Nánari upplýsingar veitir Skarphéðinn Jónsson forstöðumaður velferðar- og skólasviðs í síma: 550-2300.

Umsókn skal senda til: Sveitarfélagið Álftanes, Bjarnastaðir, 225 Álftanes, eða á netfangið: skarphedinn@alftanes.is fyrir 8. ágúst nk.

Við leitum að sölufólki í símasölu

Okkur vantar kraftmikið og hresst fólk, 20 ára og eldra, sem hefur frumkvæði og metnað, er fljótt að læra og tilbúið í slaginn. Sveigjanlegur vinnutími (vaktavinna) og árangursdrifin laun í boði.

argus

Sækið um á argus.is

Framtíðarstarf

Við leitum að duglegum einstaklingum í verslun Karen Millen í Smáralind. **100% störf og helgarstörf eru í boði. Í starfinu felst almenn afgreiðsla og ráðgjöf til viðskiptavina**

Hæfniskröfur:

- Reynsla af þjónustu
- Áhugi á tísku
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi

Umsóknarfrestur er til 1. ágúst nk.
Ferilskrá sendist á hulda@hbu.is

KAREN MILLEN



Mötuneyti leik- og grunnskóla Seltjarnarness Laus störf

Matráður óskast til starfa hjá mötuneyti leik- og grunnskóla. Um er að ræða 100% stöðu.

Starfsmaður í eldhús óskast til starfa hjá mötuneyti leik- og grunnskóla. Um er að ræða 65% stöðu. Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst.

Laun skv. kjarasamningi launanevndar sveitarfélaga við starfsmannafélag Seltjarnarness.

Áhugasamir hafi samband við:
Jóhannes Må Gunnarsson
í síma 5959-200, 845-2490 eða
johannesmar@seltjarnarness.is
Skólaskrifstofa Seltjarnarness

„Að gera daglegt líf fólks þægilegra fyrir sem flesta..“

...er sú hugmyndafræði sem við hjá IKEA höfum að leiðarljósi. Við leitum nú að fólki sem hefur áhuga á að vinna með okkur eftir slíkri hugmyndafræði. Við vinnum saman að því að bjóða alltaf upp á breitt vöruúrval, góða og hagnýta hönnun og lágt vöruverð sem flestir ráða við.

Þeir eiginleikar sem allir starfsmenn IKEA þurfa að búa yfir eru:

Þjónustulund, jákvæðni, heiðarleiki, áreiðanleiki, metnaður, reglusemi, samskiptahæfni, drifkraftur og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Ef þú býrð yfir ofangreindum eiginleikum gætu eftirfarandi störf átt við þig:

Þjónustuborð og afgreiðslukassar

Starf á þjónustuborði felst í móttöku á skilavörum, úrlausn vandamála sem tengjast viðskiptavinum o.fl. Einnig eru laus störf á afgreiðslukassa. Starfsmenn á þjónustuborði og kössum þurfa að búa yfir:

- Ákveðni
- Almennri tölvukunnáttu
- Þekking á Navision er kostur

Smáland

Meginverkefni eru móttaka og umsjá barna fyrir viðskiptavinum IKEA. Um skapandi og líflegt starf er að ræða þar sem viðkomandi starfsmaður kemur til með að halda uppi starfsemi og skipulagi á svæði sem tileinkað er börnum á aldrinum 3-9 ára. Starfsmenn Smálands þurfa að búa yfir:

- Þolinmæði
- Reynslu af starfi með börnum skilyrði
- Vilja til að bera ábyrgð í starfi
- Hafa náð 20 ára aldri
- Leikskólakennara- eða sambærileg menntun kostur

Sölufulltrúar

Við leitum að sölufulltrúum til starfa í smávörudeild. Í smávörudeild er unnið við ráðgjöf og sölu til viðskiptavina, verðmerkingar, tiltekt, áfyllingar o.fl. Sölufulltrúar þurfa að búa yfir:

- Almennri tölvukunnáttu
- Þekking á Navision er kostur

Svæðisstjóri

Í umbúðalaust fara fram samsetningar á húsgögnum fyrir verslun auk samsetninga og sölu á notuðum og gölluðum vörum. Svæðisstjóri ber ábyrgð á og heldur utan um starfsemi svæðisins og þarf að búa yfir:

- Handlagni
- Stjórnunarhæfileikum
- Skipulagshæfni
- Tölvufærni
- Vilja til að bera ábyrgð í starfi
- Smiðs- eða önnur sambærileg iðnmenntun er kostur

Vinnutími í allar stöðurnar er virka daga frá kl. 11-17/18, nema í svæðisstjórastöðuna sem er virka daga frá kl. 9-17/18. Helgarvinna er skv. samkomulagi.

Umsóknum má skila inn á vef IKEA (www.ikea.is)

Nánari upplýsingar veitir Fjóla Kristín Helgadóttir (fjola@ikea.is). Umsóknarfrestur er til 2. ágúst.



Verkfræðingur og forritari

Vegna aukinna umsvifa leitar Marorka að tveimur nýjum liðsmönnum í öflugan og samheldinn hóp starfsmanna fyrirtækisins. Annars vegar er um að ræða starf verkfræðings í orkustjórnunardeild og hins vegar starf forritara á vörupróunarsviði.

Verkfræðingur í orkustjórnunardeild

Starfssvið:

- Innleiðing á orkustjórnunarkerfi Marorku um borð í skipum
- Ráðgjöf og greining á orkukerfum í skipum
- Fræðileg líkanagerð og gagnavinnsla
- Tækniþróun á vörum Marorku

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í verkfræði
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta
- Góð kunnátta í ensku

Nánari upplýsingar veitir Stefán Sturla Gunnsteinsson, deildarstjóri orkustjórnunardeildar.

Forritari á vörupróunarsviði

Starfssvið:

- Þróun á vörum Marorku, frá viðmóti til gagnalags í NET/C# og SQL umhverfi

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, sambærilegt nám eða reynsla
